

---

BROTHÆTTAR BYGGÐIR

ÁRSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 2019

---



BYGGÐASTOFNUN

Eva Pandora Baldursdóttir  
Helga Harðardóttir  
Kristján Þ. Halldórsson



## EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
1. Meginniðurstöður 2019	5
2. Markmið og tilgangur	9
3. Verkefnislýsing	10
4. Þátttökubýggðarlög	13
Hrísey, perla Eyjafjarðar	13
Öxarfjörður í sókn	17
Glæðum Grímsey	21
Áfram Árneshreppur	25
Öll vötn til Dýrafjarðar	28
Betri Borgarfjörður	33
Betri Bakkafjörður	37
Byggðalög sem lokið hafa þátttöku í Brothættum byggðum	40
5. Íbúapróun	41
6. Nýsköpun og frumkvöðlastarf í brothættum byggðarlögum í Evrópu	42
7. Umfjöllun um nokkur af fjölmörgum áhugaverðum verkefnum sem hafa hlotið stuðning úr Brothættum byggðum í þeim byggðarlögum sem hafa lokið eða eru í lokaáfangi verkefnisins	44
8. Niðurstöður úr viðhorfakönnun meðal styrkhafa Brothættra byggða	47
9. Niðurstöður úr viðhorfakönnun meðal verkefnisstjórna Brothættra byggða	53
10. Viðaukar	57
Viðauki I. Hrísey Perla Eyjafjarðar, staða starfsmarkmiða	57
Viðauki II. Öxarfjörður í sókn, staða starfsmarkmiða	60
Viðauki III. Áfram Árneshreppur, staða starfsmarkmiða	63
Viðauki IV. Öll vötn til Dýrafjarðar, staða starfsmarkmiða	65
Viðauki V. Betri Borgarfjörður, staða starfsmarkmiða	66
Viðauki VI. Betri Bakkafjörður, staða starfsmarkmiða	67

## INNGANGUR



Átta ár eru síðan verkefnið Brothættar byggðir hóf göngu sína. Í upphafi verkefnisins var hugmyndin sú að búa til aðferð eða verklag sem hægt væri að yfirfæra á byggðarlög sem stæðu frammi fyrir sambærilegum vanda, þ.e. viðvarandi fækkun íbúa og erfiðleikum í atvinnulífi. Raufarhöfn var fyrsta byggðalagið sem tók þátt í verkefninu Brothættum byggðum. Verkefnið Raufarhöfn og framtíðin hófst árið 2012 og því lauk árið 2018.

Segja má að verklag, framkvæmd og framvinda Brothættra byggða hafi mótast og þróast í fyrstu með þátttöku fyrsta byggðalagsins, Raufarhafnar, ásamt þátttöku þeirra þriggja sem á eftir fylgdu. Það voru Bíldudalur, Breiðdalur og Skaftárhreppur. Reynslan og árangurinn af þeim verkefnum varð leiðarljósið í þeim byggðarlögum sem síðar hafa tekið þátt í verkefninu. Á árunum 2015-2016 kynntu fulltrúar Byggðastofnunar og aðrir hagaðilar sér sambærileg byggðarþróunarverkefni öðrum löndum, einkum í Noregi og í Skotlandi. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur einu sinni framkvæmt úttekt á verkefninu Brothættar byggðir, var það árið 2014 – 2015 og sá EY Ísland um úttektina fyrir þeirra hönd. Árið 2016 var sérstök verkefnislýsing Brothættra byggða gefin út hjá Byggðastofnun og var hún byggð á reynslu í Brothættum byggðum, fyrirmyndum í öðrum löndum og ráðum og ábendingum úr úttekt EY. Frá þeim tíma hafa þátttökubýggðalög í verkefninu unnið samkvæmt þeirri verkefnislýsingu. Í verkefnislýsinguinni felst m.a. að verkefnisstjórar eru ráðnir í hverju byggðalagi, aðferð við úthlutun styrkja er fest í sessi og ákveðnir verkþættir settir fram. Verkefninu er skipt upp í fjóra áfanga þeir eru: undirbúningur, íbúabing og mótun verkefnisáætlunar, framkvæmdaáfangi og lokaáfangi. Þegar verkefni í hverju byggðalagi eru komin í lokaáfanga eru væntingar um að frumkvæði og drifkraftur sem einkennt hefur þátttöku íbúa byggðalagsins á verktímabilinu haldi áfram í formi áframhaldandi nýsköpunar og skilvirkri eftirfylgni þeirrar framtíðarsýnar sem sett var fram í upphafi verkefnis.

Þáttökubýggðarlögin í Brothættum byggðum eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun og skekkt aldursdreifing. Skortur er á húsnæði, þá sérstaklega íbúðarhúsnæði á leigumarkaði. Bætt fjarskipti og umbætur í raforkumálum eru brýn málefni víða, sem og samgöngubætur og bætt þjónusta. Ákveðinn hámarksfjöldi byggðalaga getur tekið þátt í verkefninu á hverjum tíma og ræðst sá fjöldi meðal annars af fjármunum til verkefnisins. Byggðastofnun eða byggðarlag (fyrir milligöngu sveitarfélags) geta haft frumkvæði að samtali um mögulega þátttöku og sérstakir mælikvarðar eru notaðir til að meta stöðu og forgangsraða byggðarlögum til þátttöku.

Í stefnumótandi byggðaáætlun sem gildir fyrir árin 2018-2024 má sjá að verkefnið Brothættar byggðir er orðið veigamikill þáttur í að auka viðspyrnu gegn hnignun í samfélögum sem m.a. hafa glímt við viðvarandi fólksfækkun og erfiðleika í atvinnulífi undanfarin ár. Ýmsar vísbendingar eru um að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif í þáttökubýggðalögum til þessa. Til dæmis má nefna aukna virkni og samstöðu íbúa, auk ýmissa verkefna sem farið hafa af stað í tengslum við Brothættar byggðir bæði með og án verkefnastyrkja.

Í þessari skýrslu verður greint frá framvindu verkefna í Brothættum byggðum í hverju þáttökubýggðalagi fyrir sig árið 2019. Einkum verður stuðst við gögn úr ársskýrslum verkefnisstjórnanna. Jafnframt verður reynt að varpa ljósi á stöðu verkefnisins í heild. Eftir atvikum verður stuðst við gögn frá fyrri árum verkefnisins svo og við verkefnisáætlanir, það er framtíðarsýn og markmið einstakra byggðarlaga.

Myndir í samantektinni tók Kristján P. Halldórsson.



## 1. MEGINNIÐURSTÖÐUR 2019



Á árinu 2019 var Byggðastofnun aðili að sjö verkefnum undir merkjum Brothættra byggða. Þau eru:

Hrísey, perla Eyjafjarðar	Öll vötn til Dýrafjarðar
Öxarfjörður í sókn	Betri Borgarfjörður
Glæðum Grímsey	Betri Bakkafjörður
Áfram Árneshreppur	

Í hverju verkefni starfar verkefnisstjóri, þó í hlutastarfi fyrir Þingeyri og Árneshrepp og einn verkefnisstjóri sinni verkefnastjórn samhliða í Hrísey og Grímsey. Landshlutasamtök og/eða atvinnuþróunarfélög hafa ráðið verkefnisstjórnana til starfa en notið fjárhagslegs stuðnings verkefnisins Brothættra byggða til þess.

Veittir voru styrkir í byggðarlögum, alls að upphæð 58 milljónir króna á árinu 2019. Nánari upplýsingar um styrki er að finna á [heimasíðu Byggðastofnunar](#).

### Hrísey, perla Eyjafjarðar

Verkefnið var í lokaáfganga á árinu 2019 og lauk formlega í árslok 2019. Allsvorusexverkefnistyrktúr Frumkvæðissjóði. Gerð var könnun meðal verkefnisstjórnarfulltrúa, annarra en fulltrúa Byggðastofnunar, í lok árs 2019. Niðurstöður gefa vísbendingar um að verkefnisstjórn telji að tekist hafi nokkuð vel til þegar horft er á markmið Brothættra





byggða en síst þó er kemur að því að stilla saman strengi hagsmunaaðila. Ánægja er með úthlutun styrkja til frumkvæðisverkefna og þátttöku íbúa í verkefninu. Þá er samhljómur um nauðsyn þess að haldið verði áfram í anda verkefnisins eftir að þátttöku Byggðastofnunar og þar með fjármögnun úr Brothættum byggðum lýkur. Fram kom athugasemd um nauðsyn þess að hafa úr meiri fjármunum að spila í Brothættum byggðum ef árangur ætti að nást.



### Öxarfjörður í sókn.

Mikil gróska var í framfaraverkefnum á vegum íbúa á árinu og segja má að u.þ.b. þrjátíu verkefni séu bæði hafin eða langt á veg komin. Íbúafjöldinn hefur haldist stöðugur á árinu sem er jákvætt. Óskað var eftir framlengingu á þátttöku byggðalagsins í Brothættum byggðum út árið 2020 og var erindið samþykkt. Frumkvöðlar hafa í auknum mæli nýtt sér aðstoð og ráðgjöf verkefnisstjóra s.s. við gerð viðskiptaáætlana og þ.h. Einstaka styrkt verkefni hafa leitt til annarra og stærri verkefna.



### Glæðum Grímsey

Verkefnið í Grímsey er um margt sérstakt og þá ekki síst fyrir þá sérstöðu sem samfélagið hefur í smæð sinni og einangrun. Þá hefur mjög litað verkefnið að íbúum hefur fækkað í Grímsey og þá einkum þeim sem hafa vetursetu. Afleiðingarnar eru þær að ekki þykir fært að starfrækja skóla í eyjunni frá sumrinu 2019 vegna barnfæðar. Þar með þurfa foreldrar að sinna sínum börnum í öðrum skólahverfum í Akureyrarbæ. Þrátt fyrir þetta hafa eyjarskeggjar verið vel virkir í verkefninu, tekið góðan þátt á íbúafundi og sóst eftir styrkjum í sín framfaraverkefni. Íbúar óskuðu eftir framlengingu á verkefninu til loka árs 2020 og var komið til



móts við óskir íbúa og verkefnið framlengt um eitt ár.

### Áfram Árneshreppur

Um fimmtán einstaklingar búa að jafnaði í Árneshreppi árið um kring og því er þetta fámennasta þátttökubyggðarlag Brothættra byggða. Félag var stofnað um verslunarrekstur í Árneshreppi í upphafi árs 2019, Verzlunarfjélag Árneshrepps. Í júní var verslun formlega opnuð í byggðalaginu. Opið var daglega yfir sumarmánuðina en skertari opnunartími yfir vetrarmánuðina. Sauðfjárbúskapur hefur hingað til verið kjölfestan í heilsársbyggð í byggðalaginu og svo mun væntanlega verða um sinn en vonir standa til að hægt verði að fjölga atvinnutækifærum. Vegur í Árneshrepp er ekki mokaður frá því um áramót til 20. mars á hverju ári. Einangrunin sem af þessu hlýst er íbúum og velunnurum Árneshrepps mikill þyrnir í augum.

### Öll vötn til Dýrafjarðar

Þriðji íbúafundurinn var haldinn í verkefninu í september 2019. Á þeim fundi voru markmið verkefnisins og aðgerðaráætlunin endurskoðuð og íbúar hvattir til virkrar þátttöku við eftirfylgni markmiða. Ný markmið voru ekki sett en skerpt á þeim sem fyrir voru og forgangsraðað eftir atvikum. Fundurinn var mjög vel sóttur. Styrkfé fyrir árin 2018 og 2019 var úthlutað til verkefna á árinu 2019. Ekki náðist að greiða styrki út í lok árs 2018, þar sem verkefnið hófst seint á árinu. Mikill fjöldi umsókna hefur borist í Frumkvæðissjóð sem ber vitni um mikinn áhuga íbúa í byggðalaginu á þátttöku í verkefninu.

### Betri Borgarfjörður



Mikill árangur hefur náðst í verkefnum Betri Borgarfjarðar á árinu 2019 að mati verkefnisstjóra. Fyrirferðamest voru verkefni tengd innviðum; húsnaðismálum heilbrigðismálum, vegaf framkvæmdum og fl. Töluverðum tíma var varið í verkefni tengd sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi, þ.e. Borgarfjarðar eystri, Djúpavogs, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar. Styrkúthlutun ársins úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða fór fram í maí og undir lok árs hófst undirbúningur Samfélagsmiðstöðvarinnar Fjarðarborgar. Þess má geta að aðilar sem hlotið hafa styrki úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða hafa jafnframt sótt um styrki í aðra styrktarsjóði og hafa nokkrir þeirra fengið úthlutað styrkfé þaðan t.d. úr Uppbyggingarsjóði Austurlands, Atvinnusjóði kvenna og fl.



### Betri Bakkafjörður

Verkefnið Betri Bakkafjörður hóf þátttöku sína í verkefninu Brothættrar byggðir um mitt ár 2019. Samfélagið á Bakkafirði hafði þá orðið fyrir miklum áföllum í atvinnulífi sem hafði haft neikvæð áhrif á íbúapróun og þjónustu við íbúa. Ríkisvaldið og sveitarfélagið lögðust á eitt við uppbyggingu innviða til að styrkja byggð á svæðinu til frambúðar m.a. með lagningu ljósleiðara í sveitarfélagið og uppbyggingu vegar með slitlagi á milli byggðakjarna. Byggðalagið Bakkafjörður hlaut aukaframlag frá samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu til tveggja verkefna á árinu 2019. Annars vegar til verkefnis um þjónustukjarna að Hafnartanga 4 og vegna Gistiheimilis að Skólagötu 5. Alls hlutu sex verkefni að auki styrk úr Frumkvæðissjóði.



## 2. MARKMIÐ OG TILGANGUR

Aðalmarkmið verkefnisins Brothættra byggða er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Undirmarkmið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Svo sem sjá má á undirmarkmiðunum er lykilatriði að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra hagaðila.





### 3. VERKEFNISLÝSING

Verkefnið er framkvæmt í fjórum áföngum: *undirbúningi, íbúapíngi og móttun verkefnisáætlunar, framkvæmda-áfangna og lokaáfangna verkefnis*. Verkefnið byggir á samtali og samstarfi við íbúa í þátttökubýggðalögum. Einnig á valdeflingu samfélagsins með því að ýta undir áhuga íbúa og samstöðu varðandi framfaramál í samfélaginu. Hlutverk Byggðastofnunar í verkefninu er að efla samstöðu hagsmunaaðila, að stjórnvöldum meðtöldum, um að vinna að framfaramálum er varða hvert byggðalag. Enn fremur að veita verkefnisstyrki til frumkvæðisverkefna í byggðarlögum.

Verkefnið hlýtur nýtt heiti í hverju byggðarlagi fyrir sig og í flestum tilvikum hafa íbúarnir sjálfir valið heitin með tillögum og atkvæðagreiðslu um þær. Heitin bera í sér bjartsýni og kjark, sem vegur upp á móti brothættu heiti heildarverkefnisins.

Byggðastofnun hefur um það ákveðnar væntingar að byggðalög sem lokið hafa formlegri þátttöku í verkefninu njóti áframhaldandi athygli og stuðnings stjórnvalda næstu ár þar á eftir. Einnig að verklagið nýtist íbúum og viðkomandi sveitarfélögum og landshlutasamtökum/atvinnuþróunarfélagi í áframhaldandi vinnu að framfaramálum byggðalagsins.

#### Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er sett á fót í hverju þátttökubýggðalagi.

Í henni eiga sæti fulltrúar Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélags ásamt fulltrúum íbúa sem að jafnaði eru tveir. Dæmi eru þó um fleiri fulltrúa íbúa. Verkefnisstjórn fundar reglubundið ýmist með fjarfundasniði eða í þátttökubýggðalagi. Eitt mikilvægasta hlutverk verkefnisstjórnar í hverju þátttökubýggðalagi er að móta verkefnisáætlun og tryggja að henni sé fylgt, auk þess að móta stefnu varðandi kynningu á verkefninu fyrir viðkomandi byggðarlag.



#### Verkefnisstjóri

Í hverju byggðarlagi er starfandi verkefnisstjóri, ýmist í hlutastarfi eða fullu starfi, eftir því sem aðstæður bjóða upp á og samkomulag er um. Það ræðst meðal annars af landfræðilegri stöðu og hvort hægt er að samnýta krafta verkefnisstjóra í fleiri en einu byggðarlagi. Verkefnisstjóri starfar í umboði verkefnisstjórnar. Verkefnisstjóri skilar framvinduskýrslu um verkefnið árlega til Byggðastofnunar.

#### Íbúapíng

Í upphafi nýs verkefnis er haldið tveggja daga íbúapíng þar sem staða byggðarinnar er rædd og leitað leiða til umbóta. Á íbúapínginu leggja íbúarnir sjálfir til umræðuefni og raða viðfangsefnum eftir mikilvægi. Stefnumóttun með framtíðarsýn og markmiðum fyrir byggðarlagið byggir annars vegar á niðurstöðum íbúapíngs og hins vegar á sérstakri stöðugreiningu sem unnin er fyrir byggðarlagið. Stefnumóttunin/verkefnisáætlun er síðan kynnt á íbúafundi. Hvert markmið sem sameinast hefur verið um er svo brotið niður í fjölmörg starfsmarkmið sem unnið er að á verkefnistímabilinu. Umsjón íbúapínga hefur verið í höndum ráðgjafafyrirtækisins Ildis og verkefnisstjóra ásamt verkefnisstjórnnum í hverju þátttökubýggðalagi.



#### Íbúafundir

Íbúafundir eru haldnir árlega þar sem farið er yfir stöðu verkefnisins og skapaður umræðuvettvangur um framvindu starfsmarkmiða og einstaka verkefna. Þess er gætt að íbúar séu upplýstir um hvernig skilaboð íbúapíngsins í upphafi eru höfð til hliðsjónar og hvernig málefnum er fylgt eftir. Verkefnisstjórn hefur m.a. því hlutverki að gegna að kynna áherslur íbúa í hverju



þátttökubýggðalagi fyrir ríkisvaldi og stofnunum.

### Frumkvæðisstyrkir

Á hverju ári er frumkvæðisstyrkjum úthlutað til hvers þátttökubýggðalags. Heildarfjárhæð frumkvæðisstyrkja er skipt jafnt út til þeirra. Byggðastofnun hefur gefið út leiðbeiningar vegna úthlutunar styrkja í viðauka við verkefnislýsingu. Verkefnisstjórn hefur m.a. því hlutverki að gegna að leggja línur um úthlutun styrkja til verkefna í hverju byggðalagi og annast úthlutun þeirra.

Styrkir á árinu 2019 voru samkvæmt fjárhagsáætlun samtals 7 milljónir króna fyrir hvert þátttökubýggðarlag, samtals 49 milljónir króna. Auk þessara fjármuna þá hlaut verkefnið Betri Bakkafjörður aukið fjárframlag frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti vegna bráðs vanda í byggðalaginu samtals að upphæð 9 milljónir króna. Styrkfjárhæð til Brothættra byggða á árinu 2019 var því í heild samtals 58 milljónir króna. Dæmi eru um að verkefni hafi fallið niður og styrkjum skilað, sú upphæð bætist þá við styrkjaúthlutun næsta árs í því byggðalagi sem við á.

Fullyrða má að styrkir hafi haft mikil og hvetjandi áhrif í samfélögunum. Mörg verkefni hafa ýmist sótt í sig veðrið, eða jafnvel hafist í kjölfar styrkumsóknar. Yfirlit yfir styrkt verkefni má sjá í umfjöllun í köflum um einstök byggðarlög.



## 4. ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLÖG

Samtals ellefu byggðarlög hafa tekið þátt í verkefninu Brothættra byggðir frá því að það hóf göngu sína árið 2012. Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir þátttökubýggðalögin, heiti verkefna og stöðu hvers verkefnis:

Byggðarlag	Heiti verkefnis	Staða
Raufarhöfn	<i>Raufarhöfn og framtíðin</i>	Hefur lokið þátttöku
Breiðdalur	<i>Breiðdælingar móta framtíðina</i>	Hefur lokið þátttöku
Skaftárhreppur	<i>Skaftárhreppur til framtíðar</i>	Hefur lokið þátttöku
Bíldudalur	<i>Bíldudalur – samtal um framtíðina</i>	Hefur lokið þátttöku
Hrísey	<i>Hrísey – perla Eyjafjarðar</i>	Lokaáfangi verkefnis
Öxarfjarðarhérað	<i>Öxarfjörður í sókn</i>	Framkvæmdaáfangi
Grimsey	<i>Glæðum Grímsey</i>	Framkvæmdaáfangi
Árneshreppur	<i>Áfram Árneshreppur</i>	Framkvæmdaáfangi
Þingeyri og dreifbýli við Dýrafjörð	<i>Öll vötn til Dýrafjarðar</i>	Framkvæmdaáfangi
Borgarfjörður eystri	<i>Betri Borgarfjörður</i>	Framkvæmdaáfangi
Bakkafjörður	<i>Betri Bakkafjörður</i>	Framkvæmdaáfangi

Á árinu 2019 voru samtals sjö byggðarlög þátttakendur í verkefninu og verða hverju þeirra gerð skil hér á eftir.

### HRÍSEY, PERLA EYJAFJARÐAR

Undirbúningur að verkefninu, Hrísey, perla Eyjafjarðar, hóf göngu sína árið 2015. Áður hafði áhugahópur um framtíð Hríseyjar komið saman að hausti árið 2013 og vann að hagsmunum samfélagsins í Hrísey. Hópurinn skipulagði m.a. málþing um málefnið og í mars 2014 var gefin út skýrsla um niðurstöður könnunar sem send var út sem og skilaboð frá þátttakendum málþinginu. Á þessum grunni mótaði verkefnisstjórn og verkefnisstjóri Brothættra byggða framtíðarsýn og setti fram markmið fyrir verkefni Hrísey, perla Eyjafjarðar. Verkefnið er í lokaáfangi Brothættra





byggða og Byggðastofnun dró sig í hlé úr verkefninu í lok árs 2019. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

### Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri *Hrísey, perla Eyjafjarðar* er Helga Íris Ingólfssdóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Halla Björk Reynisdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Gunnar Gíslason, fulltrúi Akureyrarbæjar

Baldvin Valdemarsson, fulltrúi SSNE

Ólafur Búi Ólafsson, fulltrúi íbúa

Linda María Ásgeirsdóttir, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun



### Mat á stöðu starfsmarkmiða

Íbúafundur var haldinn í febrúar þar sem farið var yfir starfsmarkmið verkefnisins og þau árangursmetin. Á fundinum kom fram ánægja íbúa með verkefnið, árangur og verklag og vonir bundnar við áframhaldandi vinnu á sama grundvelli í byggðalaginu eftir að Byggðastofnun dregur sig í hlé úr verkefninu. Árangursmati var skipt í þrjá liti og broskarlagjöf, sem sjá má nánar í viðauka I.

### Styrkt verkefni 2019

Á árinu 2019 voru til úthlutunar úr Frumkvæðissjóði samtals sjö milljónir króna auk 1.1 milljón sem eftir voru frá fyrra ári, samtals 8.1 milljón króna. Alls bárust sjö umsóknir um styrki. Samþykkt var að veita styrki til til sex verkefna. Styrkt verkefni má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
<i>Wave Guesthouse</i>	Wave Guesthouse Hrísey ehf.	Aukin þjónusta við gesti á ársgrundvelli. Uppsetning á snyrtingu, heitum potti og palli.	1.500.000,-
<i>Landnámsegg sett í gang</i>	Landnámsegg ehf.	Verkefnið snýr að því að koma Landnámseggjum í fullan rekstur með því að klára uppsetningu á eggjabúu fyrir landnámshænur.	4.800.000,-

<i>Skilvirkari ferðir í þéttbýli</i>	Hríseyjarbúðin ehf.	Kaup á búnaði, dráttarbeisli undir bíl og kerru, sem auðvelda mun flutning á vörum og gera rekstur Hríseyjarbúðarinnar léttari og skilvirkari.	400.000,-
<i>Þróun og markaðssetning á matarupplifun í Hrísey</i>	Háey ehf.	Þróun, kynning og markaðssetning á matarupplifun í Hrísey þar sem staðbundið hráefni er framleitt. Unnið í samstarfi við aðila sem koma að framleiðsluferlinu.	800.000,-
<i>Rabarbara garðurinn</i>	Gunnar Jónsson	Koma á fót rabarbaragarði í Hrísey úr ýmsum yrkjum rabarbara. Stefnt er að því að ræktunin uppfylli skilyrði lífrænnar ræktunar.	400.000,-
<i>Dans 2019</i>	Ingimar Ragnarsson	Danshátíð að sænskri fyrirmynd þar sem fólk á öllum aldri kemur saman og dansar við undirleik hinna ýmsu hljómsveita.	200.000,-



### Fundir

Verkefnisstjórn hélt samtals sex fundi á árinu. Á janúarfundi var m.a. farið yfir aðgerðaáætlun ársins og síðar sama kvöld var haldinn íbúafundur. Í mars var haldinn undirbúningsfundur vegna úthlutunar styrkja úr Frumkvæðissjóði. Í maí var haldinn fundur þar sem tekin var ákvörðun um úthlutun styrkfjár úr Frumkvæðissjóði til einstakra verkefna. Í apríl var kynningarfundur haldinn um „Cittaslow“ hugmyndafræði en það voru þau Gauti Jóhannesson sveitarstjóri og Gréta Mjöll Samúelsdóttir atvinnu- og ferðamálafulltrúi frá Djúpvogshreppi sem kynntu hugmyndafræðina fyrir verkefnisstjórn, hverfaráði og bæjarráði. Í lok maí var aftur haldinn íbúafundur og þann dag hélt verkefnisstjórn einnig stjórnarfund. Verkefnisstjórn hélt einnig fund í desember, á þeim fundi var ársskýrsla verkefnisins 2018 yfirfarin og tekin staða á framvindu verkefna og starfsmarkmiða.



## Samantekt verkefnisstjóra

Íbúar leggja áherslu á að nýta sérstöðu og ímynd eyjarinnar til þess að byggja samfélagið upp. Þeir telja eyjuna eiga mikið inni þegar kemur að ferðamennsku og að aukinnar markaðssetningar sé þörf til þess að koma eyjunni á framfæri bæði til ferðamanna og einnig til að laða að nýja íbúa. Samgöngur í land og betri almenningssamgöngur á landi eru íbúum mjög hugleiknar enda þurfa þeir að sækja þjónustu í land. Hríseyingar vilja sjá fjölbreytni í atvinnulífi eyjarinnar og aukin tækifæri til nýsköpunar.



## ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN

Verkefnið Öxarfjörður í sókn hóf göngu sína árið 2015 og er nú í lokaáfangi verkefnisins Brothættar byggðir. Óskað var eftir framlengingu á verkefninu út árið 2020 og var tekið jákvætt í erindið. Verkefnið var því í framkvæmdaáfangi 2019 en færast í lokaáfangi Brothættra byggða 2020 og ráðgert er að því muni ljúka formlega í árslok 2020. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

### Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri *Öxarfjarðar í sókn* er Charlotta Englund.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings

Reinhard Reynisson, fulltrúi Atþing

Páll B. Guðmundsson fulltrúi Eypings

Hilda Jana Gísladóttir fulltrúi Eypings

Helga María Pétursdóttir, fulltrúi Eypings

Stefán H. Grímsson, fulltrúi íbúa

Salbjörg Matthíasdóttir, fulltrúi íbúa

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Bygðastofnun

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Bygðastofnun



### Mat á stöðu starfsmarkmiða

Á íbúafundi í janúar 2019 var farið í að endurskoða og meta starfsmarkmið Öxarfjarðar í sókn fyrir komandi tímabil. Niðurstöður þeirrar vinnu voru birtar í skýrslu í kjölfarið sem sjá má hér. Í viðauka II má enn fremur sjá stöðu starfsmarkmiða uppfærð skv. mati verkefnisstjóra.

### Styrkt verkefni

Á árinu 2019 voru til úthlutunar 5 milljónir króna úr Frumkvæðissjóði fyrir byggðarlagið. Verkefnisstjórn samþykkti að styrkja níu verkefni að þessu sinni, en samtals bárust tólf umsóknir. Lokaskýrslur flestra verkefna bárust fyrir árslok 2019 og góð framvinda var í verkefnum. Sum þeirra hafa m.a. leitt til annarra og stærri verkefna. Verkefnin eru fjölbreytt en þau má sjá í eftirfarandi töflu auk úthlutaðra styrkfjárhæða úr Frumkvæðissjóði:



Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
<i>Kynnum nýjan Dettifossveg</i>	Norðurhjar	Uppfærsla á heimasíðu Norðurhjara miðað við nýjan veg, uppfærsla á á rafrænum kynningarbæklingi Norðurhjara og rafrænt kynningarátak á nýjum Dettifossvegi.	400.000,-
<i>Ullarvinnslan í Gilhaga</i>	Brynjar Þór Vigfússon	Breyting á húsnæði undir ullarvinnsluna í Gilhaga m.a. einangrun, grind og klæðning ásamt hólfun húsnæðis eins og hentar starfseminni. Gert er m.a. ráð fyrir sérstöku gestastofuhorni.	850.000,-
<i>Misgengis-göngu-hressing</i>	Skjálftafélagið	Uppfærsla og endurnýjun á stikum við Misgengisgönguleiðina á Kópaskeri. Markmiðið er að vekja athygli á Misgengisgönguleiðinni svo hún verði sýnilegri og betur þekkt.	150.000,-
<i>Deiliskipulag jarðar Meiðavalla við Ásbyrgi</i>	Ágústa Ágústsdóttir	Gerð deiliskipulags þjónustusvæðis á nærsvæði þjóðgarðsins. Markmiðið er að byggja upp innviði og þjónustu í Öxarfirði við þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.	650.000,-
<i>Garður guesthouse, veiðitengd ferðaþjónusta</i>	Kristinn Rúnar Tryggvason	Nýsköpun í ferðaþjónustu í Kelduhverfi sem byggir á því að með gistingu fylgi aðgangur að veiðilöndum. Ásamt því að gestum muni standa til boða fræðsla, leiðsögn og önnur tilfallandi þjónusta. Áhersla lögð á fuglaveiði.	600.000,-
<i>Þróun miðnætur hestaferða</i>	Bjarnastaðir Hestaferðir	Nýsköpun í hestatengdri ferðaþjónustu þar sem boðið verður upp á hestaferðir að næturlagi í miðnætursólinni.	375.000,-
<i>Scuba diving in Öxarfjörður</i>	Neil Robertson	Gerð viðskiptaáætlunar vegna frístundarköfunar og þar með aukinna afþreyingarmöguleika á svæðinu. Markhópurinn bæði börn og fullorðnir.	300.000,-
<i>Kjötvinnsla í Árdal</i>	Salbjörg Matthíasdóttir	Uppsetning á vottaðri kjötvinnslu og frystigeymslu fyrir sauðfjárafurðir. Aukin verðmætasköpun og möguleg samnýting aðstöðu.	1.000.000,-
<i>Rófurækt á Presthólum</i>	Klapparós	Grænmetisrækt á Sandinum þar sem rófnarækt er viðfangsefnið. Sótt um styrk m.a. til uppbyggingar á aðstöðu til þrifa og þökkunar á rófum.	675.000,-

## Fundir

Alls voru haldnir fjórir verkefnisstjórnarfundir á árinu. Þann 19. janúar var haldinn fjarfundur þar sem málefnið var tillaga um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum og þá sérstaklega vegna svæðisins norðan Ásbyrgis/Jökulsárgljúfra. Í lok janúar var haldinn fundur í Lundi þar sem nokkur málefni voru á dagskrá s.s. um styrkjámál, ósk um framlengingu á verkefninu ÖÍS og fl. Fjarfundur var haldinn í aprílþyrjun þar sem farið var yfir umsóknir í Frumkvæðissjóð og tekin ákvörðun um úthlutun til verkefna. Í maílok var haldinn fundur á Kópaskeri þar sem m.a. var farið yfir stöðu einstakra verkefna og framvindu starfsmarkmiða.



Almennur íbúafundur var haldinn í Lundi í Öxarfirði í janúarlok. Þar var farið yfir stöðu starfsmarkmiða og þau endurmetin. Jafnframt voru nokkur sprotaverkefni í byggðalaginu kynnt sérstaklega á fundinum.

Að auki sótti verkefnisstjóri fjölda funda, málþinga og viðburða á árinu sem nýttust vel í starfi og tók á móti gestum á svæðinu. Jafnframt átti verkefnisstjóri fjölmarga samstarfs- og samráðsfundi við frumkvöðla og annað samstarfsfólk í tengslum við ÖÍS.

## Samantekt verkefnisstjóra

Starfið gekk almennt vel á árinu og mikil gróska í framfaraverkefnum á vegum íbúa. Verkefnisstjóra telst til að a.m.k. þrjátíu verkefni séu hafin eða langt á veg komin. Þetta eru allt metnaðarfull og fjölbreytt verkefni sem bera vitni um að íbúar sjái sóknarfæri víða og geri sitt besta til þess að nýta þau. Íbúum svæðisins í heild fjölgaði úr 306 í byrjun árs 2018 í 315 íbúa í ársbyrjun 2019 sem er afar jákvætt. Á árinu 2019 hélst íbúafjöldinn stöðugur og í lok árs voru íbúar 316 talsins.





Verkefnisstjórn ÖÍS sendi í árslok 2018 erindi til Byggðastofnunar þar sem óskað var eftir því að kanna möguleika á framlengingu verkefnisins um eitt ár til viðbótar þ.e. út árið 2020. Erindið var samþykkt og kynnt á íbúafundi 29. janúar. Íbúar hafaverið duglegir að leita til verkefnisstjóra ÖÍS með ýmis mál, þá sérstaklega hvað varðar styrkjamál, milligöngu/samskipti við stjórnslu og þ.h. Í ljósi þess að Öxarfjarðarhérad er afar víðfeðmt svæði landfræðilega séð og fjölbreytt samfélag þá hefur verkefnisstjóri þurft m.a. að vinna svæðisbundið að því að kynna verkefnið fyrir íbúum. Verkefnisstjóri lagði t.d. mikið upp úr því að kynna verkefnið sérstaklega meðal íbúa Kelduhverfis sem skilaði sér í talsvert mörgum umsóknum í Frumkvæðissjóð frá því svæði auk þess sem frumkvöðlar hafa í auknum mæli nýtt sér aðstoð og ráðgjöf verkefnisstjóra s.s. við gerð



viðskiptaáætlana og þ.h.

Aðrar breytingar á árinu sem vert er að nefna eru að starf verkefnisstjóra ÖÍS hefur fram að þessu verið „hýst“ hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga sem var á árinu sameinað Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar og Eypings í nýju félagi, Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) og verður því verkefnisstjóri starfsmaður SSNE frá byrjun árs 2020. Verkefnisstjóri fór í fæðingarorlof frá 23. september til ársloka 2019, sinnti þó verkefnum eftir þörfum svo sem upplýsingagjöf, skipulagningu 1. des. hátíðar á Kópaskeri, ásamt því að aðstoða frumkvöðla við



## GLÆÐUM GRÍMSEY

Verkefnið Glæðum Grímsey hóf göngu sína árið 2016 með íbúáþingi í byrjun maí eftir undirbúningsvinnu frá árinu 2015. Verkefnið er í framkvæmdaáfangi en það var framlengt til loka árs 2020. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

### Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri *Glæðum Grímsey* er Helga Íris Ingólfssdóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbæ

Gunnar Gíslason, Eyping

Baldvin Valdemarsson, Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar

Guðrún Inga Hannesdóttir, fulltrúi íbúa

Karen Nótt Halldórsdóttir, fulltrúi íbúa

Jóhannes Henningsson, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun



### Mat á stöðu starfsmarkmiða

Að sögn verkefnisstjóra hefur tekist að ná 15 af þeim 34 starfsmarkmiðum sem sett voru fram í upphafi verkefnis en mörg verkefni eru enn í vinnslu. Starfsmarkmið voru uppfærð og þeim fjölgað upp í 42 á íbúafundi sem haldinn var í byrjun febrúar. Dæmi um starfsmarkmið sem náðst hafa eru t.d. stærri markmið eins og bætt netsamband og betra símsamband. Einnig breytt áætlun ferjunnar og fjölgun ferða, niðurgreiðsla á flugfargjöldum og fjölgun affþeygingarmöguleika fyrir ferðafólk. Einnig má nefna að markmið hvað varðar Grímseyjarskóla, s.s. heildstæður skóli frá 1. – 10. bekk og samstarfið við aðra skóla, náðist á vordögum 2019 þó svo að þá þegar hafi orðið ljóst að Grímseyjarskóli yrði ekki starfandi næsta skólaár vegna fækkunar nemenda.

Dæmi um markmið sem ekki hefur gengið eftir sem skildi er sjálfbær orkunotkun og orkuöflun í Grímsey en það var eitt af stóru markmiðunum sem lagt var upp með í upphafi. Í því sambandi er þó vert að nefna að á árinu fékk Eyping styrk úr stefnumótandi byggðaáætlun til að skoða fýsileika orkuskipta fyrir Grímsey. Það verkefni er í vinnslu og er unnið undir stjórn Vistorku.

### Styrkt verkefni

Sjö umsóknir bárust í Frumkvæðissjóð í verkefninu Glæðum Grímsey á árinu 2019. Allar umsóknir voru styrktar að þessu sinni. Til úthlutunar var styrkfé ársins 2019 eða 7 milljónir króna auk fjármuna sem voru til endurúthlutunar frá



fyrri ári, eða samtals kr. 8.150.000,-. Styrkt verkefni má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
<i>Minjagripur – Orbis et Globus</i>	Anna María Sigvaldadóttir	Þróun minjagripa sem yrði einskona miniature- útgáfa af listaverkefninu Orbis et Globus sem staðsett er nyrst í Grímsey og eitt af kennileitum eyjarinnar.	200.000,-
<i>Köfun og snorkel í Grímsey</i>	Arctic Trip ehf.	Efling ferðapjónustu og fjölgun á afþreyingarmöguleikum í Grímsey. Fjármögnun kaupa á köfunarbúnaði og búningum.	1.500.000,-
<i>Stigi frá Fiskepalli niður á höfn</i>	Kiwanis-klúbburinn Grímur	Smíði á timburstiga frá Fiskepalli framan við Búðina og niður á austurenda hafnarsvæðisins. Aukið öryggi og stytting leiðar á milli bæjar og hafnar. Hönnun stigans liggur fyrir.	2.600.000,-
<i>Sólstöðuhátíð 2019</i>	Kvenfélagið Baugur	Fjölskylduhátíð í Grímsey undir heitinu Sólstöðuhátíðir 2019. Styrkur m.a. fyrir ferða- og gistikostnaði skemmtikrafta, undirbúningsvinnu og aðföngum.	600.000,-
<i>Minjagripur, Krístrún</i>	Krístúr Hjálmarsdóttir	Vinna að gerð minjagrips sem unninn er m.a. úr rekaviði úr Grímsey.	200.000,-
<i>Glerskipti á Básam</i>	Básavík ehf.	Efling ferðamannastaðar og viðhald fjölbreytni í gístiaðstöðu. Uppsetning á nýju gleri í gluggum á gistiheimilinu Básam.	550.000,-
<i>Bætt þjónusta við ferðamenn í Grímsey</i>	Munin ehf.	Aukið framboð á fjallahjólum. Aðstaða fyrir fjallahjól, uppsetning á veitingavagni, hönnun og prentun á kynningar- og markaðsefni auk heimasíðugerðar. Vinna við leyfismál og áætlanagerð.	2.500.000,-

## Fundir

Verkefnisstjórn Glæðum Grímsey fundaði fjórum sinnum á árinu 2019. Fjarfundur var haldinn 10. janúar þar sem íbúafundur var skipulagður. Verkefnisstjórn fundaði þann 3. febrúar fyrir íbúafundinn sem haldinn var í Múla. Í mailok var haldinn verkefnisstjórnarfundur þar sem farið var yfir styrkumsóknir. Fundur með hluta verkefnisstjórnar var haldinn á Akureyri í nóvember 2019. Auk þessara funda fundaði verkefnisstjóri með fulltrúum íbúa í verkefnisstjórninni í Grímsey í maí, júlí og september.

Árlegur íbúafundur var haldinn í Múla þann 2. febrúar. Um tuttugu eyjarskeggjar sátu fundinn auk verkefnisstjórnar. Einnig komu góðir gestir á fundinn þ.e. bæjarstjórinn á Akureyri, einn bæjarfulltrúi og tveir starfsmenn frá Vistorku



og Orkustofnun. Farið var yfir stöðu verkefnisins og lagt mat á hvernig til hafi tekist að ná þeim starfsmarkmiðum sem sett voru fram í upphafi verkefnis. Á fundinum rýndu fundargestir í vinnuhópum stöðuna og settu fram ný starfsmarkmið og uppfærðu þau sem fyrir voru. Samtals voru því starfsmarkmiðin orðin 42 í Glæðum Grímsey eftir þá yfirferð.

## Samantekt verkefnisstjóra

Starfsemi verkefnisstjóra í Glæðum Grímsey á árinu fólst að mestu leiti í umsýslu varðandi styrkúthlutunir, samningagerð við styrkhafa og eftirfylgni með þeim samningum og verkefnum sem voru yfirstandandi.

Frá upphafi hefur verkefninu Glæðum Grímsey verið úthlutað kr. 28.000.000 frá Byggðastofnun sem verkefnisstjórn Glæðum Grímsey hefur úthlutað til 25

mismunandi verkefna í Grímsey, eða 7 milljónum á ári að meðaltali. Íbúum og öðrum velunnurum Grímseyjar hefur gefist kostur á því að sækja um og fá styrk til þess að vinna að verkefnum eða rekstri sem eflir byggð í Grímsey á einhvern hátt. Fjórtán af þessum verkefnum er nú þegar lokið en ellefu eru enn í vinnslu.

Ferðapjónusta í Grímsey gekk mjög vel sumarið 2019, ferðamönnum fjölgaði og einnig varð fjölgun á afþreyingarmöguleikum í eyrni s.s. hjólaleiga, köfunarferðir og fleira. Aðalferðamannatíminn í júní og júlí er orðinn mjög vinsæll og eiga gistiheimilin í Grímsey orðið erfitt með að sinna eftirspurn á þessum árstíma. Mörg af þessum fyrirtækjum sem sinna ferðapjónustu hafa hlotið styrki frá byggðapróunarverkefninu Glæðum Grímsey.

Grímseyingar hafa kallað eftir breytingum á lögum er varða bæði fiskveiðar og skattalöggjöf. Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi gerir nýliðum t.d. mjög erfitt fyrir að koma undir sig fótunum í greininni. Nú hefur verið skipað í starfshóp til að endurskoða meðferð og ráðstöfun þeirra aflaheimilda sem ríkið hefur varið til margvíslegra sértækra aðgerða, svo sem byggðakvóta, sértæks byggðakvóta, línuvílnunar, strandveiða og fleira. Vonast er til þess að sú






vinna skili einhverjum breytingum á kerfinu í þágu hinna Brothættu byggða.

Í apríl 2019 samþykkti bæjarstjórn Akureyrarbæjar að veita 75% afslátt af gatnagerðargjöldum í Hrísey og Grímsey út árið 2021. Vonir standa til að þetta styðji við uppbyggingu atvinnulífs í eyjunum og fjölgji jafnvel íbúum.

Seinni hluta árs 2019 fékk Þjóðskrá, í samvinnu við Akureyrarbæ og Brothættar byggðir í Hrísey og Grímsey, styrkúr stefnumótandi Byggðaáætlun til þess að koma á fót fjarvinnslu í Hrísey og/eða Grímsey við skráningu þinglýstra ganga í landeignaskrá. Um er að ræða tvö tímabundin störf út árið 2021. Auglýst var eftir starfsmönnum til starfanna og var einn ráðinn í Grímsey og annar í Hrísey.

Verkefnisstjóri hélt áfram þátttöku í Erasmus+ verkefninu *Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe*, sem unnið er undir forystu Byggðastofnunar. Öllum verkefnisstjórum Brothættra byggða á Íslandi var boðið að taka þátt enda markmið verkefnisins að styðja við brothættar byggðir með því að útbúa kennslufni, þjálfa leiðbeinendur til starfa og halda námskeið. Þátttaka verkefnisstjóra hófst á haustmánuðum 2018 og fólst m.a. í verkefnavinnu og þjálfun ásamt öðrum þátttakendum. Verkefnisstjóri sótti vinnulotu með öðrum þátttakendum í Skaftárhreppi í maí 2019. Lokafundur, samantekt og kynning á verkefninu fór fram í Skagafirði í júní 2019.

Í september tóku íbúar sig saman og óskuðu eftir því að verkefninu Glæðum Grímsey yrði fram haldð út árið 2020. Áskorun frá íbúum þess efnis var lögð fyrir á fundi bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Í kjölfarið samþykkti Byggðastofnun framlengingu á verkefninu um eitt ár, út árið 2020.



Þrátt fyrir að verkefni Glæðum Grímsey hafi að mörgu leiti gengið vel þá hefur það því miður ekki náð að hafa áhrif á fólksfækkunina. Samfélagið í Grímsey glímir við einstaklega erfiðar áskoranir og líklega þarf eitthvað fleira að koma til en þetta byggðaþróunarverkefni svo að þróunin breytist, að mati verkefnisstjóra. Líklega hefði þurft að takast á við vandann fyrr og með meira afgerandi hætti. Sumarið 2019, eftir lokun skólans, voru settar fram hugmyndir um að bæjarstjóri eða aðilar úr bæjarstjórn myndu setjast niður með hverjum og einum íbúa og heyra hvernig viðkomandi sér framtíðina fyrir sér. Það samtal fór fram síðastliðinn vetur og voru niðurstöður þeirra samtala teknar með inn á síðasta starfsár Glæðum Grímsey.

## ÁFRAM ÁRNESHREPPUR

Verkefnið Áfram Árneshreppur hóf göngu sína árið 2017 og er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

### Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Áfram Árneshreppur er Skúli Gautason.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Eva Sigurbjörnsdóttir, sveitarstjóri

Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Vestfjarðarstofu

Lína Björg Tryggvadóttir, fulltrúi Vestfjarðarstofu

Arinbjörn Bernharðsson, fulltrúi íbúa

Kristmundur Kristmundsson, fulltrúi íbúa

Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnunar

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnunar





## Mat á stöðu starfsmarkmiða

Stöðugt er unnið að því að þoka settum starfsmarkmiðum áfram en staða þeirra hefur verið metin reglubundið á árlegum íbúafundum þar sem áherslur og aðgerðaáætlun eru uppfærðar eftir atvikum. Í viðauka III má sjá framvindu starfsmarkmiða að mati verkefnisstjóra í árslok 2019.

## Styrkt verkefni

Ellefu styrkir voru veittir á árinu 2019 úr Frumkvæðissjóði. Fjórum verkefnum er lokið, fimm styrkhafar hafa óskað eftir fresti til vors 2020 til að ljúka við samninga en ekki hafa borist upplýsingar um stöðu tveggja verkefna vorið 2020 þegar þetta er ritað. Heildarupphæð styrkja var samtals 8 milljónir króna, þar af var einni milljón frá árinu 2018 endurúthlutað þar sem styrkfjárhæð var skilað frá verkefni sem ekki var ýtt úr vör á því ári.

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupphæð
Sleðaferðir á ströndum	Hótel Djúpavík	Styrking á innviðum verkefnis um sleðaferðir í Djúpavík, gerð kynningarefnis, kaup á öryggisbúnaði og fl.	700.000,-
Hjólað í Djúpavík	Hótel Djúpavík	Nýr afþreyingarmöguleiki. Fjallahjólaleiga í Djúpavík. Kaup á hjóla- og öryggisbúnaði og útfærsla á hjólahring. Viðhald, merkingar og umhirða hjólastíga.	500.000,-
The Factory	Emilie Dalum	Verksmiðjan er myndlistasýning sem haldin er árlega í gamalli síldarverksmiðju í Djúpavík yfir sumarmánuðina.	250.000,-
Standsetning verslunarhúsnæðis	Verzlunarfélag Árneshrepps	Standsetning á verslunarhúsnæði og umhverfi þess í Árneshreppi.	750.000,-
Frisbígolf	Urðartindur	Kaup á búnaði. Hönnun og uppsetning á frisbígolfvelli í Norðurfirði, 9 körfur og lagning 60-140m brauta.	1.200.000,-
Aðstaða fyrir ferðamenn	Strandferðir	Uppsetning aðstöðuhúss fyrir ferðamenn á leið í siglingu frá Norðurfirði. Fegrún umhverfis.	1.480.000,-
Markaðssetning ferðapjónustu í Árneshreppi	Arinbjörn Bernharðsson	Útgáfa á markaðsefni á þremur tungumálum til kynningar á ferðapjónustu í Árneshreppi. Aukning ferðamannastraums og lenging á ferðamannatímabili.	1.300.000,-

Sveitaskólinn	Elín Agla Briem	Sveitaskólinn í Trékyllisvík. Ýmis námskeið s.s. sauðburðarnámskeið, smalaskóli og haustnámskeið fyrir unglinga. Áhersla er lögð á menningu, sögu og verkmenningu sem tengjast bústörfum, sjómennsku og matvælagæð.	300.000,-
Þjóðmenningar-skólinn	Elín Agla Briem	Efniskaup vegna byggingar á undirstöðum fyrir mongólskt tjald. Unnið að heimasíðu, vörumerki og kynningu á starfsemi, námskeiðum og verkefnum í heild.	700.000,-
Krossneslaug, aðstaða	Ungmenna-félagið Leifur heppni	Hönnun nýrra búningasklefa og aðstöðu fyrir umsjónarmann. Bætt aðstaða fyrir starfsfólk og gesti.	700.000,-
Hlaðvarpsþættir	Sigurros Elddís Huldudóttir	Kostnaður við tækjakaup og undirbúningsvinna að gerð hlaðvarpsþátta. Rætt við frumkvöðla á Vestfjörðum.	120.000,-

## Fundir

Þann 16. ágúst 2019 var haldinn íbúafundur í Félagsheimilinu í Árnesi þar sem farið var yfir framvindu verkefna og skerpt á markmiðasetningu. Sá fundur var mjög gagnlegur og ríkti mikil bjartsýni meðal fundargesta. Verkefnisstjórn hélt samtals fimm fundi á árinu, í lok apríl, 22. maí, 18. júní, 13. ágúst og 12. desember. Auk þess voru haldnir kynningar- og samráðsfundir verkefnisstjóra Brothættra byggða í byrjun árs og aftur í októberlok.



## Samantekt verkefnisstjóra

Árneshreppur er orðin afar brothætt byggð, um fimmtán manns búa þar árið um kring. Einangrunin er mikil m.t.t. samgangna. Svokölluð G-regla er í gildi sem felur í sér að Vegagerðin heldur veginum úr Bjarnarfirði norður í Árneshrepp ekki opnum frá því um áramót fram yfir 20. mars. Haustið 2019 kom sérstakt framlag frá ríkinu, 5 milljónir króna, ætlað til snjómoksturs þetta tímabil en framlagið er tímabundið og gildir eingöngu til eins árs. Við aðstæður sem þessar má draga þá ályktun að erfiðara sé um vik að laða að nýja íbúa til byggðalagsins. Í lok árs 2019 barst framlag frá ríkinu sem fól í sér niðurgreiðslur á flugi fyrir íbúa með lögheimili í Árneshreppi, ein ferð á árinu 2019



en síðar þrjár ferðir á ári í framhaldinu.

Lítillendurnýjun er röðum sauðfjárbændar þar sem þeir sem bregða búi selja ógjarnan jarðir sínar. Sauðfjárbúskapur er hins vegar kjölfestan í heilsársbyggð. Ýmis tækifæri tengd ferðamennsku, sumarhúsabyggð og strandveiði felast hins vegar í byggð og starfsemi í Árneshreppi yfir sumartímann. Verkefnisstjóri telur að tvennt þurfi a.m.k. að koma til svo heilsársbyggð haldist í Árneshreppi. Annars vegar vel launuð atvinnutækifæri og hins vegar samgöngubætur. Í því samhengi er bent á að með virkjanaf framkvæmdum skapist sóknarfæri til atvinnuuppbyggingar þar sem þriggja fasa rafmagn og lagning ljósleiðara í byggðalagið fylgja framkvæmdunum. Í samgönguáætlun eru áformaðar endurbætur á Veiðileysuhálsi á árunum 2023-2024. Íbúar leggja á það áherslu að vegurinn verði hannaður m.t.t. snjósöfnunar á vetrum og framkvæmdum hraðað.



## ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR

Undirbúningur að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar hófst árið 2017. Íbúar þing var haldið í mars 2018 þar sem lagðar voru línur um markmið og framkvæmd verkefnisins. Verkefnið er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Í lok árs 2019 hefur verkefnisstjóri verið starfandi í verkefninu í númt ár. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

### Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu *Öll vötn til Dýrafjarðar* er Agnes Arnardóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssamband Vestfirðinga

Arna Lára Jónsdóttir, fulltrúi Ísafjarðarbæjar

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, fulltrúi Vestfjarðarstofu

Erna Höskuldsdóttir, fulltrúi íbúa

Lára Ósk Pétursdóttir, fulltrúi íbúa frá 11. sept. 2019

Sigmundur F. Þórðarson, fulltrúi íbúa frá 11. sept. 2019

Wouter Van Hoeymissen, fulltrúi íbúa til 11. sept. 2019

Arnar Sigurðsson, fulltrúi íbúa til 11. sept. 2019

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun



### Mat á stöðu starfsmarkmiða

Einu sinni á ári að jafnaði eru haldnir íbúafundir þar sem farið er yfir starfsmarkmið. Á fundunum eru þau endurskoðuð, bætt við ef þurfa þykir og metið hvernig til hefur tekist. Í september 2019 var haldinn fyrsti íbúafundurinn í verkefninu þar sem farið var yfir stöðu markmiða, aðgerðaáætlun og yfir þau verkefni sem íbúarnir höfðu sett sér að vinna að á tímabilinu. Nýjum starfsmarkmiðum var ekki bætt við en áhersla lögð á að vinna að þeim markmiðum sem áður höfðu verið sett. Stöðu starfsmarkmiða má sjá nánar í viðauka IV.

### Styrkt verkefni

Verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar úthlutaði 7 milljónum króna á árinu 2019 úr Frumkvæðissjóði. Samtals barst 21 styrkumsókn í sjóðinn og styrk var úthlutað til þrettán fjölbreyttra verkefna. Framvinda verkefna er með þeim hætti að ellefu verkefni eru hafin, þar af er þremur lokið. Í árslok 2019 voru tvö verkefni ekki hafin. Hér má skoða yfirlit yfir þau verkefni sem fengu styrkúthlutun árið 2019.:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupphæð
<i>Áform um að halda fimm stærri vinnustofur/ námskeið</i>	Blábankinn	Aukið námsframboð í formi fjölbreyttra námskeiða og menntunartækifæra á Þingeyri fyrir íbúa Þingeyrar og dreifbýlis auk utanaðkomandi þátttakenda.	500.000,-
<i>Málstofa - Snjallþorpið</i>	Blábankinn	Málstofa á Þingeyri undir yfirskriftinni <i>Snjallþorpið: Samfélag nýsköpunar og nýsköpun á samfélagi</i> . Tækni og nýsköpun á forsendum dreifðra byggða.	400.000,-



<i>Book with Guðbjörg Lind's art work and her connecting with Þingeyri</i>	Guðbjörg Lind Jónsdóttir og Janne Kristensen	Útgáfa bókar um listsköpun Guðbjargar Lindar sem alin var upp á Þingeyri. Viðfangsefnið verður fléttað á nýstárlegan hátt við sögu og menningu Þingeyrar. Bókin verður gefin út á íslensku og ensku.	325.000,-
<i>Soð í Dýrafirði Matur er mannsins megin - sjónvarpsþáttur</i>	Guðrún Dögg Guðmunds- dóttir	Gerð sjónvarpsþáttar þar sem áhorfandinn fer á flakk um Dýrafjörð og kynnist auðlindum, menningu, mannlífi og tækifærum á svæðinu í gegnum matargerð.	1.300.000,-
<i>Tourism services specific – Outdoor Active digital platform</i>	Henry Fletcher	Upplýsingaveita um afþreyingu fyrir ferðamenn í Dýrafirði. Afþreyingarmöguleikar verða settir fram á stærstu gagnaveitu Evrópu.	195.000,-
<i>Reiðvöllur að Söndum. Endurnýja uppistöður fyrir afmörkun á hringvelli</i>	Hestamanna- félagið Stormur, Þingeyri	Endurnýjun á uppistöðum vegna afmörkunar á reiðvelli Storms að Söndum. Með lagfæringum verður hægt að halda keppnir og mót sem efla starfsemi félagsins.	280.000,-
<i>Dómhús á svæði Hestamanna- félagsins Storms að Söndum í Dýrafirði</i>	Hestamanna- félagið Stormur, Þingeyri	Bygging nýs dómhúss á svæði Storms á Söndum. Efling starfsemi félagsins til framtíðar.	500.000,-

<i>Management support for "job" running The Westfjords Creative Residency</i>	Janne Kristensen	Verkefni tengt listum þar sem hópum erlendra listamanna og frumkvöðla er boðin búseta og aðstaða til listsköpunar í afmarkaðan tíma.	1.200.000,-
<i>Námskeið í sútun á skinum</i>	Koltra handverkshópur	Námskeið sem stuðlar að aukinni menningarstarfsemi og eflir þekkingu og nýtingu á auðlindum svæðisins. Stuðlar jafnframt að varðveislu á gömlu handverki og styður við ferðaþjónustu á svæðinu.	350.000,-
<i>Leiklistar- miðstöð Kómedíu- leikhússins</i>	Kómedíu- leikhúsið	Uppsetning leiklistarmiðstöðvar á Þingeyri. Vinnuaðstaða til æfinga, skrifstofuaðstaða, varðveisla leikmynda og búninga, aðstaða til námskeiðahalds.	300.000,-
<i>Fjallaskíði í Vestfirsku ölpunum</i>	Óttar Freyr Gíslason	Kortlagning og kynning á tveimur fjallaskíðaleiðum í Dýrafirði og Vestfirsku ölpunum. Uppbygging sjálfbærrar ferðamennsku í sátt við náttúru og íbúa.	500.000,-
<i>Fóður- verksmiðja á Þingeyri fyrir fiskeldi</i>	Freysteinn Nonni Mánason og Snorri Karl Birgisson	Frumathugun á uppbyggingu fóðurverksmiðju á Þingeyri. Verkefnið er tækifæri í uppbyggingu á fóðurverksmiðju til að framleiða fiskafóður vegna uppbyggingar fiskeldis.	650.000,-
<i>Hönnun og uppsetning á upplýsingaskilti fyrir ferðamenn við ferjustaðinn á Gemlufall í Dýrafirði</i>	Jón Skúlason	Verkefnið felst í því að búa til og setja upp upplýsingaskilti fyrir ferðamenn. Markmiðið er að koma á framfæri upplýsingum um sögu ferjustaðarins og staðhætti fyrir ferðamenn og heimafólk.	500.000,-



## Fundir

Fundir verkefnisstjórnar voru færri en lagt var upp með á árinu. Fundað var í kjölfar beggja styrkúthlutana. Einnig fundaði verkefnisstjórn fyrir íbúafund sem haldinn var í september. Fjölmennur íbúafundur var haldinn í september 2019 þar sem markmið verkefnisáætlunar voru endurskoðuð. Á fundinum var jafnframt farið yfir stöðu aðgerðaáætlunarinnar og verkefna sem íbúarnir höfðu sett sér að vinna að á tímabilinu. Hvatt var til aukinnar þátttöku íbúa í verkefninu.

## Samantekt verkefnisstjóra

Verkefnisstjóri hefur aðstoðað umsækjendur við umsóknir og gerð viðskiptaáætlana, bæði vegna verkefnastyrkja ÖVD og umsókna í aðra sjóði á starfsárinu. Verkefnisstjóri hefur einnig aðstoðað íbúa, bæði einstaklinga og fyrirtæki í byggðalaginu, við ýmis málefni m.a. með því að koma á tengslum á milli hagaðila við framkvæmd verkefna. Jafnframt hefur verkefnisstjóri aðstoðað styrkhafa vegna vinnu við einstök verkefni.



Verkefnisstjóri hefur setið flesta fundi íbúasamtakana/hverfisráðsins og aðstoðað formann eftir bestu getu vegna ýmissa málefna. Einnig hefur verkefnisstjóri komið á föstum fundum með bæjarstjóra og bæjarritara sem haldnir hafa verið u.þ.b. mánaðarlega ýmist á Ísafirði eða á Þingeyri. Fundirnir eru hugsaðir sem tenging á milli Þingeyrar og bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þar sem málefni líðandi stundar eru rædd, það sem betur má fara og það sem vel er gert.



Á starfsárinu hefur verkefnisstjóri tekið þátt á ótal fundum vísvegar um landið þar sem byggðamál hafa verið í brennidepli og málefni því m.a. tengd verkefnum ÖVD. Í kjölfarið hafa skapast tækifæri til að koma á samvinnu á milli aðila og mynda tengslanet sem hefur styrkt verkefni ÖVD og samfélagið á Þingeyri.



## BETRI BORGARFJÖRÐUR

Verkefnið Betri Borgarfjörður hóf göngu sína síðla árs 2017 og íbúabing var haldið í febrúar árið 2018. Verkefnið er nú í framkvæmdaáfangi Brothættra byggða. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri í verkefninu *Betri Borgarfjörður* er Alda Marín Kristinsdóttir.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Jón Þórðarson, sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps

Stefán Bogi Sveinsson, fulltrúi SSA

Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Austurbrú

Elísabet Dögg Sveinsdóttir, fulltrúi íbúa

Óttar Már Kárason, fulltrúi íbúa

Eva Pandora Baldursdóttir, sérfræðingur Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur Byggðastofnun



## Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í verkefninu Betri Borgarfjörður eru sett fram fjögur meginmarkmið sem snúa að góðu mannlífi, fjölbreyttu atvinnulífi, öflugum innviðum og einstöku umhverfi. Undir hverju meginmarkmiði eru sett fram fjölmörg starfsmarkmið en þau eru í heild 46 talsins. Starfsmarkmiðin eru fjölbreytt og metnaðarfull allt frá því að efla félagslíf yfir í starfsmarkmið sem snúa að heilbrigðis- og samgöngumálum. Í viðauka V má skoða stöðu starfsmarkmiða líkt og verkefnisstjóri greinir frá í ársskýrslu verkefnisins 2019.

## Styrkt verkefni

Alls bárust 20 umsóknir frá 14 einstaklingum/fyrirtækjum/félagasamtökum í Frumkvæðissjóð á árinu 2019. Til úthlutunar að þessu sinni voru 7 milljónir króna og var þeim úthlutað til fjórtán verkefna. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá skiptingu styrkfjár og lýsingu á verkefnum:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
<i>Icelandic Home, viðskiptaáætlun</i>	Adrian Zuk	Gerð viðskiptaáætlunar ætluð til að skoða grundvöll fyrir stofnun fyrirtækis sem flytur inn byggingarefni, verkfæri og forsmíðaðar húseiningar beint frá framleiðanda í Austur-Evrópu.	300.000,-



<i>Upplifðu Borgarfjörð</i>	Hafþór S. Helgason	Gerð upplýsinga- og kynningarefnis um Borgarfjörð sem áfangastaðar. Gerð upplýsingabæklings ásamt efni á heimasíðu Borgarfjarðar eystri.	650.000,-
<i>Undirbúningur fyrir heit sjóboð</i>	Blábjörg II	Hönnun á heitum sjóboðum við sjóvarnargarðinn framan við gistihúsið Blábjörg. Hitun sjóbaðanna ráðgerð með vind- og sólarorku.	450.000,-
<i>Líkamsrækt á Borgarfirði eystri</i>	UMFB	Kostnaður við aukinn tækjakost í líkamsræktarstöð.	500.000,-
<i>Fjordbikes</i>	Árni M. Magnusson	Tækjakaup vegna fjallahjólaleigu og ferðapjónustu henni tengd. Boðið upp á hjólaferðir á Borgarfirði.	600.000,-
<i>„Samfélagssvín“</i>	Helgi Hlynur Ásgrímsson f.h. áhugahóps verkefnið	Verkefnið felur í sér að íbúar haldi svín og fóðri þau á lífrænum úrgangi sem fellur til á heimilum og vinnustöðum á Borgarfirði. Skref í átt að sjálfbærum lífsstíl.	400.000,-
<i>Víknaslóðir: Merkingar og kort</i>	Ferðamála- hópur Borgarfjarðar og Ferðafélag Fljótsdalshéraðs	Verkefnið snýr að því að bæta merkingar og kort á Víknaslóðum og Borgarfirði eystri. Hönnun og prentun á nýju gönguleiðakorti, upphafspóstum og yfirlitskortum sem sett verða upp við skála ferðafélagsins	400.000,-
<i>Sögumerking bæja á Borgarfirði</i>	Fjarbúafélag Borgarfjarðar	Uppsetning á upplýsingaskiltum sem segja sögu bygginga á Borgarfirði ásamt myndum af þeim frá fyrri tíð. Halda til haga hluta af menningararfi Borgfirðinga og ýta undir forvitni söguþyrstra ferðamanna og heimamanna.	200.000,-
<i>Konfektgerð</i>	Helga Björg Eiríksdóttir	Þróun og framleiðsla á konfektum með fyllingum úr staðbundnum hráefnum og búa þannig til matarminjagrip í anda Borgarfjarðar.	450.000,-
<i>Upplýsingamiðstöð</i>	Gusa ehf./Búðin Bfj.	Styrkur til launa og launatengdra gjalda vegna starfsmanns í hálfu starfi sem sinnir upplýsingagjöf til ferðamanna samhliða starfi í verslun.	700.000,-

<i>Markaðs- rannsókn</i>	Íslenskur dúnn I	Markaðsrannsókn þar sem markhópur íslensk dúns verður kortlagður vegna áformaðrar markaðssetningar æðardúnssænga á Norðurlöndunum.	600.000,-
<i>Þróunarvinna vegna hönnunar á æðardúnssængum</i>	Íslenskur dúnn II	Þróunarvinna vegna hönnunar á æðardúnssængum svefnpokum. Kortlagning á umfangi og kostnaði við þróun og framleiðslu á svefnpokum miðað við að þeir verðir samkeppnisfærir á heimsmarkaði.	1.000.000,-
<i>Tækjakaup</i>	Íslenskur dúnn III	Kaup á nauðsynlegum tækjum til framleiðslu æðardúnssænga.	350.000,-
<i>Tækjakaup</i>	Kayhike	Styrkur til kaupa á kayökum til notkunar í ferðapjónustu.	400.000,-

### Fundir

Haldnir voru tveir fundir verkefnisstjórnar á árinu með fjarfundarsniði, í maí og í desember. Einn fundur verkefnisstjórnar var haldinn á Borgarfirði eystri í júlí. Ekki reyndist unnt að halda árlegan íbúafund um stöðu verkefnisins á árinu og ákvörðun tekin um að fresta þeim fundi þar til eftir áramót 2019/2020. Þó var haldinn sérstakur íbúafundur um stöðu heilbrigðismála á árinu. Einnig var íbúafundur haldinn vegna áforma um sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi en hann fór fram fyrri hluta október mánaðar og þann 26. október kusu íbúar allra sveitarfélaganna fjögurra með sameiningu.

Verkefnisstjóri hefur reynt að mæta á þá fundi og ráðstefnur sem haldnar eru á Austurlandi, t.d. vegna ferðapjónustu, menningar- og atvinnumála eða styrkja sem í boði eru, til að geta þá miðlað þeim upplýsingum áfram til íbúa byggðalagsins. Verkefnisstjóri sótti einnig vorþing atvinnuþróunarfélaganna sem haldið var á Akureyri í apríl og haustþing á Ísafirði í lok október.





Á þeim fundi gafst verkefnisstjórum tækifæri til að hittast aftur í eigin persónu.

### Samantekt verkefnisstjóra

Verkefnisstjóri hefur tekið þátt í Erasmus+/Interface verkefninu undanfarin ár ásamt öðrum verkefnisstjórum Brothættra byggða. Í apríl var námskeiðsloka haldin á Kirkjubæjarklaustri og lokaráðstefna á Sauðárkróki í júní. Með þátttökunni hafa skapast aukin tengsl milli verkefnisstjóra Brothættra byggða og byggðarlaganna sem taka þátt í verkefninu. Það er mikils virði að fá vettvang til að hittast, bera saman bækur og heimsækja önnur brothætt byggðalög. Verkefnisstjórar hafa reynt að halda reglulega fjarfundi eftir að Interface verkefninu lauk en hefur gengið upp og ofan að ná hópnum saman.

Norræn ráðherranefnd um byggðamál heimsótti Borgarfjörð 9. maí. Hópurinn fékk kynningu á verkefninu Betri Borgarfjörður, tilkomu þess og framvindu á Borgarfirði. Hópurinn fór í stutta kynnisferð út í Höfn, heimsótti Búðina á Borgarfirði og Fiskverkun Kalla Sveins, auk þess að snæða hádegisverð í Blábjörgum.

Verkefnisstjóri fór á vegum Austurbrúar og Búnaðarsambands Austurlands ásamt bændum frá Borgarfirði og annars staðar af Austurlandi til Borgundarhólms í Danmörku í júní 2019. Tilgangur ferðarinnar var að kynna því hvernig eyjaskeggjar framleiða, kynna og selja staðbundnar vörur úr eigin hráefni. Heimsótt voru nautgripabú, svínabú, heimakjötvinnsla/-sláturhús, epla- og hafþyrniberjabændur, auk ferðamannastaða sem byggja á matarmenningu svæðisins.

Haustþing SSA var haldið á Borgarfirði 11.-12. október. Ráðherrar sveitarstjórnar- og sjávarútvegsmála voru viðstaddir þingið. Nýttu sveitarstjórn og verkefnisstjóri Betri Borgarfjarðar tækifærið til fundar með sjávarútvegráðherra um stöðu sjávarútvegsmála á svæðinu, sérstaklega um mögulegar lokanir fyrir togveiðar stærri skipa á helstu veiðisvæðum borgfirskra dagróðrabáta.

Verkefnisstjóri er fulltrúi Borgarfjarðarhrepps í Markaðsráði sveitarfélaganna á Austurlandi, fulltrúi íbúa í menningarhópi vegna undirbúnings sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi og fulltrúi Austurbrúar í starfshópi um jöfnun flutningskostnaðar.



### BETRI BAKKAFJÖRÐUR

Bakkafjörður hóf göngu sína í Brothættum byggðum á árinu 2019. Að mati Byggðastofnunar var staðan orðin mjög erfið og Bakkafjörður því næstur í röð mögulegra þátttökubyggðalaga skv. sérstökum mælikvörðum stofnunarinnar. Það var einnig í samræmi við tillögu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar. Byggðin við Bakkaflóa hefur átt undir högg að sækja undanfarin misseri aðallega vegna breytinga á atvinnuháttum. Störfum við hefðbundinn landbúnað hefur fækkað og mikill samdráttur hefur orðið í störfum tengdum sjávarútvegi á svæðinu. Samhliða þessum breytingum hefur fólki fækkað og dregið hefur verulega úr þjónustu við íbúa. Þar má nefna að ekki er lengur verslun á svæðinu, skólalald hefur verið lagt af og samdráttur hefur verið í störfum á vegum ríkis og sveitarfélags í byggðarlaginu. Við þessar aðstæður þótti ljóst að byggðin þyrfti á verulegum stuðningi að halda frá ríki og sveitarfélagi til að geta staðið af sér frekari áföll. Verkefnisáætlun má sjá [hér](#).

### Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar er Ólafur Áki Ragnarsson og var ráðinn til starfa 1. júní 2019.

Verkefnisstjórn skipa eftirfarandi:

Þorsteinn Ægir Egilsson, *oddviti Langanesbyggðar*

Elías Pétursson, *sveitarstjóri Langanesbyggðar*

Vigdís Rún Jónsdóttir, *verkefnastjóri menningarmála*

*á Norðurlandi eystra*

Reinhard Reynisson, *framkvæmdastjóri*

*Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga*

Mariusz Mozejko, *fulltrúi íbúa*

Arnmundur Marinósson, *fulltrúi íbúa*

Eva Pandora Baldursdóttir, *sérfræðingur Byggðastofnun*

Kristján Þ. Halldórsson, *sérfræðingur Byggðastofnun*



### Mat á stöðu starfsmarkmiða

Í verkefninu Betri Bakkafjörður eru sett fram fjögur meginmarkmið en þau eru: sterkir samfélagsinnviðir, öflugt atvinnulíf, aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar og skapandi mannlíf. Undir hverju markmiði eru svo sett fram samtals 24 starfsmarkmið. Í ársskýrslu verkefnisstjóra er sett fram staða á þeim starfsmarkmiðum sem komin eru í farveg eða lokið hefur verið við á árinu 2019. Um er að ræða huglægt mat verkefnisstjóra, sjá í viðauka VI.



## Styrkt verkefni

Verkefnisstjórn samþykkti að styrkja átta verkefni úr Frumkvæðissjóði um 16 milljónir á árinu 2019. Verkefnin eru fjölbreytt og munu efla ýmsa þætti samfélagsins. Verkefnin og styrkupp hæð má sjá í eftirfarandi töflu:

Nafn verkefnis	Styrkhafi	Lýsing á verkefni	Styrkupp hæð
<i>Þjónustukjarni Hafnartanga 4</i>	A1882	Stofnun þjónustu og samfélagsmiðstöðvar, kaffihúss og smáverslunar með pöntunarþjónustu.	5.000.000,-*
<i>Gistiheimili Skólagötu 5</i>	A1882	Stofnkostnaður vegna rekstrar gististaðar.	4.000.000,-*
<i>Tvær gönguleiðir við Bakkafjörð</i>	Halldóra Gunnarsdóttir	Skilgreining og merking á tveimur gönguleiðum við Bakkafjörð. Önnur liggur út að Stapa skammt norðan Skeggjastaða og hin liggur að Draugafossi.	420.000,-
<i>Fjarvinnslustörf á Bakkafirði</i>	Langanesbyggð	Kaup á skrifstofubúnaði fyrir starfsfólk vegna nýrra fjarvinnslustarfa hjá Þjóðskjalasafni Íslands sem eru í bígerð.	450.000,-
<i>Harðfiskvinnsla</i>	Bakkfiskur	Vöruþróun og gerð heimasíðu til markaðssetningar á fiskafurðum.	760.000,-
<i>Halldórshús</i>	Baldur Öxdal Halldórsson	Áfangi í endurbýggingu á Halldórshúsi. Stefnt er að veitingasölu og menningarstarfsemi í húsinu.	2.000.000,-
<i>Hvala- og fuglaskoðun Bakkafirði</i>	Útvör ehf.	Flutningur fyrirtækis og búnaðar til Bakkafjarðar. Sköpun nýrra starfa með því m.a. að hefja hvalaskoðunarferðir.	1.800.000,-
<i>Bruggun á bjór og pizzugerð</i>	Arnmundur Marinósson	Uppbygging aðstöðu til bruggunar á bjór. Jafnframt uppbygging á starfsemi vegna sölu veitinga í byggðalaginu.	1.570.000,-

\*Sérframlag frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti á árinu 2019, viðbrögð við bráðum vanda í byggðalaginu.



## Fundir

Íbúabing var haldið í lok mars, undir stjórn Sigurborgar Kr. Hannesdóttur hjá ILDI. Niðurstöður þingsins er ákveðin grunnur að þeirri vinnu sem framundan er í eflingu byggðar við Bakkaflóa. Verkefnisstjórn hélt átta fundi á árinu auk þess sem haldinn var íbúafundur í byrjun nóvember. Á íbúafundinum voru kynnt drög að verkefnum sem verkefnisstjóri og verkefnisstjórn unnu upp úr m.a. áherslum íbúafundar. Á fundinum komu fram tillögur að nýjum verkefnum og önnur voru tekin út eða þeim breytt. Í framhaldinu var verkefnið samþykkt samhljóða.

## Samantekt verkefnisstjóra

Verkefnið Betri Bakkafjörður fór að stað um mitt ár 2019 með ráðningu verkefnisstjóra. Verkefnisstjórn hafði fyrir þann tíma unnið ákveðna undirbúningsvinnu með heimafólki, sveitarstjórn og ríkisvaldinu. Samfélagið á Bakkafirði hefur orðið fyrir miklum áföllum í framhaldi af rekstrarerfiðleikum stærsta fyrirtækisins á staðnum, sem varð til þess að starfsemin hætti. Fólki fækkaði og þjónusta við íbúana dróst saman.

Frá því að Bakkafjörður var tekið inn í verkefnið Brothættar byggðir hefur sveitarfélagið og ríkisvaldið komið að málum sem klárlega munu styrkja byggð á svæðinu til frambúðar. Þar má nefna lagningu ljósleiðara í sveitarfélagið, uppbyggingu vegar með slitlagi á milli byggðakjarnana Bakkafjarðar og Þórshafnar. Með þeirri framkvæmd verður vegurinn milli staðanna uppbyggður með slitlagi sem mun án efa efla byggð á svæðinu og skapa sóknarfæri í ferðaþjónustu fyrir landshlutann. Íbúar og velunnarar byggðarinnar við Bakkaflóa hafa verið áhugasamir um verkefnið Betri Bakkafjörður og má finna bjartsýni meðal þeirra um framgang þess.






## BYGGÐALÖG SEM LOKIÐ HAFA ÞÁTTTÖKU Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Fjögur byggðalög hafa formlega lokið þátttöku í verkefninu, þ.e.a.s. Byggðastofnun hefur dregið sig út úr verkefninum skv. samningum. Þau eru Raufarhöfn með verkefnið Raufarhöfn og framtíðin, Breiðdalur með verkefnið Breiðdælingar móta framtíðina, Bíldudalur með verkefnið Bíldudalur - samtal um framtíðina og Skaftárhreppur með verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar.



## 5. ÍBÚAÞRÓUN

Í rökstuðningi Alpings með fjárveitinum til verkefnisins er vísað til þess að verkefnið nýtist byggðarlögum sem hafa átt í langvarandi vanda vegna fækkunar íbúa að etja. Enda er meginmarkmið verkefnisins að sporna við þeirri þróun. Því er eðlilegt að líta á þróun í mannfjölda þáttökubyggðarlaganna miðað við fyrsta janúar 1998-2020.



Staða byggðarlaganna er mjög misjöfn hvað varðar breytingar á íbúafjölda og við það bætist að þau hafa ýmist lokið verkefninu eða mis langt á veg komin. Í fljótu bragði séð virðast þau byggðarlög sem hafa verið þátttakendur í verkefninu um einhvern tíma eiga það sameiginlegt að tekið hefur að mestu fyrir hraða fækkun íbúa og jafnvægi náðst eða íbúum tekið að fjölga á ný m.v. upphafsár viðkomandi verkefnis. Undantekningar eru þó verkefni í Árneshreppi og Grímsey, þar hefur fólksfækkun verið viðvarandi. Bæði samfélögin hafa mátt þola það mikinn samdrátt að skóla hefur verið lokað tímabundið.

Um þau byggðarlög sem hafa verið skemmstan tíma í verkefninu er ef til vill full snemmt að draga ályktanir af tölum um fjölda íbúa, það er við Dýrafjörð og á Borgarfirði eystri. Einnig kann skráning starfsmanna við Dýrafjarðargöng að hafa í för með sér að erfitt er að bera saman tölur á milli síðustu ára nema með frekari greiningu.



## 6. NÝSKÖPUN OG FRUMKVÖÐLASTARF Í BROTHÆTTUM BYGGÐARLÖGUM Í EVRÓPU



Á árunum 2017–2019 leiddi Byggðastofnun Erasmus+ samstarfsverkefnið Nýsköpun og frumkvöðlastarf í brothættum byggðarlögum í Evrópu (e. Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe – INTERFACE). Til viðbótar við Byggðastofnun tóku Háskólinn á Bifröst og stofnanir í Búlgaríu, Grikklandi, Írlandi og Ítalíu einnig þátt í verkefninu.

Helstu viðfangsefni og markmið verkefnisins voru að:

- Skilgreina og velja byggðarlög sem hafa átt undir högg að sækja í löndum samstarfsaðila (m.a. vegna fólksfækkunar og einhæfni og/eða samdráttar í atvinnulífi) en hafa möguleika á styrkja stöðu sína með aðgerðum verkefnisins.
- Skilgreina hæfniþarfir íbúa, landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaga fyrir viðkomandi byggðarlag með það að markmiði að auka hæfni til sjálfbærrar atvinnuuppbyggingar sem hefði jákvæð áhrif á byggðarlagið.
- Þjálfa einstaklinga sem aðstoða aðra innan byggðalagsins sem og að skipuleggja og halda vinnustofu til að auka færni íbúa til þess að takast á við ýmis verkefni innan byggðalagsins.
- Heimfæra árangur verkefnisins yfir á önnur byggðarlög og lönd til að hámarka árangur alþjóðlega samstarfsins og styðja við uppbyggingu brothættra byggðarlaga um alla Evrópu.



Í verkefninu voru gerðar kannanir og gagnarannsóknir þar sem þörfin fyrir þjálfun í samfélögum var metin, námsskrá var í framhaldi útfærð fyrir þátttakendur í þjálfun. Þjálfun átti sér stað á árinu 2018 þar sem allir verkefnisstjórnar Brothættra byggða voru m.a. þátttakendur. Í þjálfuninni var notast við blandaðar kennsluaðferðir, m.a. vinnustofur og heimaverkefni. Einnig var stofnaður alþjóðlegur náms- og samstarfsvettvangur fyrir þátttakendur á veraldarvefnum. Væntanlegar niðurstöður verkefnisins eru m.a. burðugri og sterkari byggðarlög, að einstaklingar í brothættum byggðum hafi aukið þekkingu sína og getu til að stuðla að og nýta nýsköpun, frumkvæði, greinandi hugsun, úrræðasemi, leiðtogaþæfni og þrautseigju, til að bæta sína stöðu og viðkomandi byggðalags og vonir standa einnig til að alþjóðlega tengslanetið verði nýtt með einhverjum hætti í framtíðinni.

Lokasprettur verkefnisins var í vor og fram í ágúst 2019. Haldin var lokaráðstefna á Sauðárkróki í júní. Lokaráðstefnan var afar fróðleg en hefði mátt vera betur sótt. Því miður var veður afleitt þessa daga en erlendu gestirnir og heimafólk áttu fróðlega fundi og skemmtu sér þó hið besta með starfsfólki Byggðastofnunar og verkefnisstjórum Brothættra byggða. Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á heimasíðu þess, <https://interface-project.eu>. Óhætt er að segja að verkefnið í heild hafi verið fróðleg og ánægjuleg reynsla fyrir starfsfólk Byggðastofnunar en jafnframt ýtti það undir aukin samskipti við verkefnisstjórana og tengsl þeirra á milli. Það teljum við að verði varanleg og jákvæð breyting á starfi í verkefninu Brothættrar byggðir.





---

## 7. UMFJÖLLUN UM NOKKUR AF FJÖLMÖRGUM ÁHUGAVERÐUM VERKEFNUM SEM HAFNA HLOTIÐ STUÐNING ÚR BROTHÆTTUM BYGGÐUM Í ÞEIM BYGGÐARLÖGUM SEM HAFNA LOKIÐ EÐA ERU Í LOKAÁFANGA VERKEFNISINS

---

Verkefni sem styrkt hafa verið frá upphafi verkefnisins eru fjölmörg og fjölbreytt og snerta margar hliðar atvinnulífs, menningar og félagslífs í þáttökubýggðalögunum. Hér getur að líta umfjöllun og örfá dæmi af mörgum um vel heppnuð frumkvæðisverkefni sem styrkt hafa verið úr sjóði Brothættra byggða á undanförunum árum. Fjöldi annarra verkefna hefði sómt sér vel á þessum lista.

### RANNSÓKNASTÖÐIN RIF – RAUFARHÖFN OG FRAMTÍÐIN

Rannsóknastöðin Rif á Raufarhöfn hefur verið starfandi allt frá árinu 2014. Stofnunin hefur vaxið og dafnað á undanförunum árum og er ætlað að skapa jarðveg til rannsókna og þekkingarsköpunar á Melrakkaslétu og á Raufarhöfn. Í upphafi fékk verkefnið styrk til að útfæra hugmyndina og á árinu 2017 fékk verkefnið styrk úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða til uppbyggingar rannsóknarstöðu til grunnúrvinnslu sýna og gagna. Á vegum rannsóknastöðvarinnar eru stundaðar ýmiskonar athuganir s.s. á sviði skordýra-, fugla-, atferlis-, og örveruvistfræði. Fjölbreyttur hópur vísindamanna, jafnt innlendir sem erlendir, hafa komið að þeim rannsóknum auk námsmanna. Rif er m.a. aðili að öflugum samstarfsneti rannsóknarstöðu á Norðurljóðum, INTERACT.

Nánari upplýsingar um Rif rannsóknarmiðstöð má sjá [hér](#).

### LANDNÁMSEGG – HRÍSEY PERLA EYJAFJARÐAR

Hænsnabúið Landnámsegg fékk fyrst styrk til uppbyggingar árið 2016 úr verkefninu Brothættrar byggðir/Hrísey, perla Eyjafjarðar. Í húsakynnum þess hafði áður verið rekin einangrunarstöð fyrir svín. Settur var upp í hænsnabúinu búnaður ætlaður fyrir frjálssar varphænur, m.a. fóðurlína og sjálfvirkir varpkassar. Vonir stóðu til í upphafi verkefnis að Landnámsegg myndu auka aðdráttarafli Hríseyjar og stefnt var á að ferðamenn gætu komið á búið og kynnt sér íslensku landnámsþæna, heimkynni hennar úti og inni og tekið þátt í eggjaleit og/eða eggjatínslu. Eggjin eru komin á markað í nýstárlegum umbúðum þar sem sjö eggjum er pakkað saman í eina lengju og kallast Langhús eftir húsakynnum forfeðranna.

Nánari upplýsingar um Landnámsegg sjá [hér](#).

### ICELAND BIKE FARM – SKAFTÁRHREPPUR TIL FRAMTÍÐAR

Fyrirtækið Iceland Bike Farm sérhæfir sig í hjólaferðum í Skaftárhreppi. Markaðssetning fyrirtækisins beinist að persónulegri þjónustu þar sem fáir einstaklingar ferðast um í minni hópum í hverri ferð. Markmiðið er að veita ákveða upplifun sem fólgin er í því að ferðast um byggðalagið með heimamönnum þar sem sagðar eru sögur og boðið upp á mat úr héraði. Verkefnið hlaut fyrst styrk úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða á árinu 2016. Síðar hlaut verkefnið styrk til að vinna að gerð hjólaslóða og til uppsetningar á æfingabrautum. Í dag býður fyrirtækið upp á fjölbreyttar hjólaferðir í fögru umhverfi Skaftárhrepps, fyrsta og eina fyrirtækið á Íslandi sem býður upp á náttúrulegan hjólagarð á um 25 þúsund hektara landsvæði.

Nánari upplýsingar um Iceland Bike Farm má finna [hér](#).

### BREIÐDALSBITI – BREIÐDÆLINGAR MÓTA FRAMTÍÐINA

Breiðdalsbiti er í eigu sauðfjárbænda í Breiðdal. Markmið Breiðdalsbita er fullvinnsla kjötafurða í heimabyggð. Vöruþróun tekur mið af aldagömlum hefðum þar sem nýir og fornir tímar mætast. Jurtir úr nærumhverfinu eru notaðar í framleiðsluna sem krydd og áhersla er lögð á heilnæmi afurðanna og sjálfbærni við fullvinnslu þeirra. Frumkvæðissjóður Brothættra byggða styrkti stofnun fyrirtækisins á árinu 2016. Styrkurinn var veittur til fjármögnunar vegna stofnunar félagsins. Verkefnið hlaut á næstu misserum fleiri styrki úr Frumkvæðissjóði svo sem til tækjakaupa og markaðssetningar. Í dag hefur Breiðdalsbiti skapað sér sérstöðu á Austurlandi sem matvæla- og drykkjafyrirtæki sem byggir á gömlum hefðum, heilnæmi, sjálfbærni og virðingu fyrir náttúrunni.

Nánari upplýsingar um Breiðdalsbita má sjá [hér](#).

### TINNA ADVENTURE – BREIÐDÆLINGAR MÓTA FRAMTÍÐINA

Tinna Adventure er fjölskyldurekið fyrirtæki á Breiðdalsvík sem sérhæfir sig í jeppaferðum bæði á hálendinu og víðar á Austurlandi. Fyrirtækið býður upp á mismunandi ferðaupplifanir þar sem umhverfi Austfjarðar, náttúruleg og menning er í forgrunni. Sem dæmi er boðið upp á sérstakar Norðurljósaferðir, ferðir á slóðir hreindýra, hálendisævintýri bæði að vetri og sumri til og fl. Verkefnið fékk styrk úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða á árinu 2018 m.a. til markaðssetningarátaks á Bandaríkjamarkaði. Áður hafði verkefnið fengið styrk úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða m.a. fyrir markaðskynningarátaki árið 2015 og styrk vegna gæðavottunarkerfis árið 2017.

Nánari upplýsingar um Tinna Adventure má sjá [hér](#).

### VEÐURSTÖÐVARVERKEFNI – GLÆÐUM GRÍMSEY OG HRÍSEY PERLA EYJAFJARÐAR

Samstarfsverkefni grunnskólanna í Grímsey og Hrísey um veðurathugunarstöð var styrkt úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða árið 2017. Settar voru upp veðurstöðvar í báðum eyjum, nemendur „tóku veðrið“ daglega og skráðu



veðurupplýsingar. Markmið verkefnisins var að tengja saman bæði nemendur og starfsfólk skólanna í sameiginlegu verkefni og í því sambandi má nefna að nemendur og starfsfólk skóla fóru í gagnkvæmar heimsóknir til hvers annars. Auk þess var markmiðið að auka aðgengi að veðurupplýsingum m.a. með skráningu þeirra á á heimasíðum eyjanna. Samstarf eyjaskólanna hófst með veðurverkefninu sem stóð í um eitt ár en þróaðist svo yfir í samstarf sem byggði á hugmyndafræði Sudbury kennsluhátta en nefndist Leiðtogar í eigin námi. Þess má geta að grunnskólinn í Grímsey er ekki starfandi skólaárið 2020-2021 en Grunnskólinn í Hrísey vinnur enn að verkefninu.

Nánari upplýsingar um samstarfsverkefnið í grunnskólunum í Grímsey og Hríseyjarskóla má sjá [hér](#).

### BELJANDI Á BREIÐDALSVÍK – BREIÐDÆLINGAR MÓTA FRAMTÍÐINA

Á Breiðdalsvík er handverksbrugghús starfandi sem sérhæfir sig í bruggun á nokkrum bjórtegundum. Samhliða brugghúsinu er rekinn barinn Beljandi sem opinn er yfir sumarmánuðina. Tekið er á mótum hópum eftir samkomulagi flesta daga ársins þar sem hægt er að fá kynningu á framleiðsluferlinu og smakka á afurðum brugghússins. Frumkvæðissjóður Brothættra byggða hefur styrkt fyrirtækið nokkrum sinnum, fyrst árið 2015 til þróunar og markaðssetningar og síðar m.a. vegna handverksbjórhátíðar sem haldin var á Breiðdalsvík með þátttöku fleiri brugghúsa víðs vegar af landinu. Í dag hefur Brugghúsið Beljandi skapað sér sérstöðu meðal íslenskra bruggframleiðenda og auðgað um leið atvinnulíf í byggðalaginu.


Nánari upplýsingar um Beljanda á Breiðdalsvík má sjá [hér](#).



## 8. NIÐURSTÖÐUR ÚR VIÐHORFAKÖNNUN MEÐAL STYRKHAFNA BROTHÆTTRA BYGGÐA Í NÓVEMBER 2020

Í nóvember 2020 var send viðhorfakönnun í tölvupósti til allra styrkhafa Brothættra byggða frá upphafi. Í könnuninni voru lagðar fram samtals tíu spurningar sem styrkhafar voru beðnir um að taka afstöðu til. Könnunin var send út í þeim tilgangi að varpa ljósi á viðhorf styrkhafa til einstakra þátta í verkefninu Brothættar byggðir.

Styrkhafar voru m.a. beðnir um að tilgreina á hvaða sviði verkefnið þeirra tilheyrði og inntir eftir því hversu líklegt eða ólíklegt þeir teldu að þeir myndu sækjast eftir fleiri styrkjum frá verkefninu. Þeir voru einnig beðnir um að leggja mat á hvaða þýðingu styrkveitingin hefði haft fyrir verkefnið sem þeir voru í forsvari fyrir. Jafnframt voru þeir spurðir að því hvort ný störf hefðu orðið til í byggðalaginu sem rekja mætti til styrkveitingarinnar og hvort ný þekking eða færni hefði orðið til í byggðalaginu vegna verkefnisins. Einnig var viðhorf styrkhafa kannað varðandi hvort þeir teldu að verkefnið þeirra hefði bætt samfélagið með einhverjum hætti. Styrkhafar voru einnig spurðir að því hvers konar vara, þjónusta eða viðburður varð til í verkefninu auk þess sem þeir fengu tækifæri til þess að koma ábendingum á framfæri varðandi verkefnið Brothættar byggðir í heild.




Þátttaka í könnuninni var nokkuð góð og alls svöruðu 83. Könnunin var send út til styrkhafa allra byggðalaganna sem þátt hafa tekið í Brothættum byggðum frá upphafi, alls tólf byggðalög.


Dreifing svara eftir byggðarlögum var nokkuð góð en þó fengust ekki svör frá Raufarhöfn, Bildudal og úr Skaftárhreppi. Þau voru einnig fremur frá úr Breiðdal en líklegt er að þetta skýrist af því að nokkuð er um liðið frá því að Byggðastofnun lauk formlegri þátttöku í verkefninum og jafnvel má leiða getum að því að netföng hafi að einhverju leyti orðið úrelt.



Spurt var hversu líklegt eða ólíklegt styrkþegi telji að hann/hún myndi sækjast eftir öðrum/áframhaldandi styrk frá Brothættum byggðum. Þessi spurning átti eingöngu við um byggðarlög sem ekki hafa eða eru við það að ljúka þátttöku í verkefninu. Svörin voru 48.





Af svörunum má ráða að mikill meirihluti svarenda horfi til þess að nýta sér þennan mögulega stuðning til að þoka hugmyndum sínum og verkefnum áfram á meðan byggðarlagið tekur þátt í Brothættum byggðum.



Þá var spurt á hvaða sviði verkefni viðkomandi hefði verið. Svörin voru 77. Svo sem sjá má eru verkefnin af ýmsum toga og er það í góðu samræmi við að markmið flestra eða allra byggðarlaga eru mjög fjölbreytt og taka til málefna allt frá lista- og samfélagsverkefnum til stofnunar fyrirtækja eða stórra verkefna í innviðamálum. Vert er að taka eftir að yfir 20% svarenda hafa nýtt styrk til kaupa á búnaði eða uppbyggingar aðstöðu. Styrkir af þessum toga eru nýbreytni í verkefninu Brothættum byggðum síðustu 2-3 ár og hafa skilað miklum árangri að mati starfsmanna verkefnisins.



Af svörum við spurningu um mikilvægi styrks sést að þeir sem hafa notið styrkja telja þá hafa skipt mjög miklu máli fyrir framgang verkefnanna og 60% svarenda hafa gefið á bilinu 91-100 stig af 100 mögulegum.




Línur eru ekki alveg eins skýrar í spurningu um það hversu líklegt sé að verkefni hefði verið hrint í framkvæmd ef ekki hefði komið til styrkur frá Brothættum byggðum. Þó má sjá að 28% svarenda telja fullvíst að ekki hefði orðið af verkefninu (0-10 stig). Atkvæði dreifast nokkuð jafnt hjá hinum 72% svarenda.





Spurt var „Verða/urðu til ný störf í byggðarlaginu vegna verkefnisins sem þú tekur/tókst þátt í?


Eins og sjá má á myndinni svöruðu 30% því til að ný störf hefði orðið til. Nokkru fleiri, eða 40% svara því til að svo sé ekki. Aðrir telja of snemmt að svara þar sem verkefni eru ýmist nýlega eða ekki farin af stað. Þessar niðurstöður eru trúverðugar og spegla e.t.v. fyrst og fremst að ekki er raunhæft að þessir tiltölulega lágu styrkir skili alltaf nýjum störfum. Við það bætist að mörg verkefni snúa frekar að samfélagsefningu, viðburðum og ýmsu fleiru en því að skapa störf.



Spurt var: „Verður/varð til ný þekking eða færni innan byggðarlagsins í kjölfar verkefnis þíns? Ef svo er, hvernig þekking eða færni var/er það? Ekki er auðvelt að draga saman þau mismunandi svör sem fengust en þó er gerð tilraun til einföldunar í eftirfarandi mynd. Ánægjulegt er að sjá að af 83 sem tóku þátt í könnun telja 37, eða tæpur helmingur að verkefnið hafi aukið þekkingu eða færni í byggðarlaginu.




Spurt var: „Hvernig hefur verkefnið sem ég tek/tók þátt í bætt samfélagið? Svörin voru mjög mismunandi en ekki sambærileg í fljótu bragði án þess að þau væru túlkuð og dregin saman. Niðurstöðurnar má sjá í súluriti á myndinni. Sé horft á alla sem tóku þátt í könnuninni eru svör tæplega 63% á jákvæðum nótum og viðkomandi telja að þeirra verkefni hafi skilað ávinningi fyrir samfélagið. Hlutfallið er enn hærra ef aðeins eru teknir þeir sem svöruðu spurningunni. Aðeins þrír af 83 telja að ekki sé ávinningur eða a.m.k. túlka svörin sem fremur neikvæð.



Spurt var: „Hvers konar vara/þjónusta/viðburður verður/varð til í verkefninu?“ Aftöflunni má sjá að mikill meirihluti telur að það hafi orðið jákvæð útkoma en 23 af 83 svöruðu ekki eða telja að árangur sé enginn (2). Þá svöruðu þrír því til að það sé ekki vitað.





Að lokum var spurt hvort viðkomandi vildi koma einhverju á framfæri. Svörin voru mismunandi en gerð var tilraun til að túlka hvort þau væru jákvæð eða neikvæð. Rúm 37% kusu að svara ekki en af þeim sem svöruðu mátti túlka svörin sem fremur-, eða mjög jákvæð og þau sýndu þakklæti fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Uppbyggilega gagnrýni er einnig að finna og má nefna að viðkomandi telji verkefnið ekki hafa staðið nægilega lengi eða verið sé að dreifa styrktarfé til of margra verkefna.

Vissulega er það svo að fyrir t.d. stærri verkefni eru styrkir í Brothættum oft lágir en miðað við svör og viðbrögð sem lýst er hér á undan er freistandi fyrir aðstandendur verkefnisins að líta svo á að í meginatriðum séu verkefnisstjórnir á réttri leið í nálgun sinni í úthlutun.



## 9. NIÐURSTÖÐUR ÚR VIÐHORFAKÖNNUN MEÐAL VERKEFNISSTJÓRNA BROTHÆTTRA BYGGÐA Í LOK ÁRS 2019/UPPHAFI ÁRS 2020.

Í lok árs 2019 og byrjun árs 2020 var gerð könnun meðal verkefnisstjórnarfulltrúa í Brothættum byggðum á viðhorfi þeirra til verkefnisins. Könnun var send til verkefnisstjórna og verkefnisstjóra í eftirfarandi verkefnum: Öll vötn til Dýrafjarðar (7), Áfram Árneshreppur (7), Glæðum Grímsey (7), Hrísey, perla Eyjafjarðar (6), Öxarfjörður í sókn (6), Betri Borgarfjörður (6), Breiðdælingar móta framtíðina (6) og Skaftárhreppur til framtíðar (6). Alls var könnuninni beint til 51 einstaklings, þar af svöruðu 35, eða um 69%. Fulltrúar Byggðastofnunar tóku ekki þátt í könnunum.

Fyrst var spurt um hvernig til hefði tekist með tilliti til markmiða verkefnisins.



Af myndinni má ráða að flestir eru sammála um að árangur í að auka við námsþrótt sé hvorki né eða þá fremur jákvæður. Lítil hluti hópsins er á hinn bóginn fremur ósammála eða alveg sammála um árangur í markmiðinu og einn til tveir eru mjög ósammála.



Jákvæðni er áberandi þegar kemur að árangri í markmiðum um að virkja frumkvæði og samtakamátt. Mikill meirihluti er fremur sammála eða alveg sammála. Þó eru nokkrir sem eru hlutlausir eða hafa efasemdir um árangurinn.



Flestir eru á því að íbúum hafi gefist kostur á að taka þátt í forgangsröðum málefna.

Færri eru sáttir við árangur í því að stilla saman strengi hagsmunaaðila (m.a. íbúa, félaga, sveitarfélags og ríkis) en þó er meirihluti annað hvort hlutlaus eða fremur sammála.

Það er lítið eitt meiri sátt við að tekist hafi að vekja athygli á sameiginlegum viðfangsefnum byggðarlaganna en þó er talsverður hópur fremur ósammála.

Næstu spurningar lúta að úthlutun styrkja og hvernig til hefði tekist um meðferð fjárens.





Mikill meirihluti er á því að ferli úthlutunar sé tiltölulega vel heppnað.

Flestir eru fremur sammála því að gæði styrkra verkefna séu mikil en þó er nokkur hópur hlutlaus og örfáir fremur ósammála.

Þátttakendur eru fremur jákvæðir er kemur að viðhorfi til nýtingar fjármuna og flestir fremur sammála þeirri fullyrðingu. Þó eru dæmi um að verkefnisstjórnarfulltrúi eða fulltrúar séu mjög ósammála.

Langflestir virðast vera nokkuð, eða vel sáttir við úthlutunarferlið og ef til vill þarf það ekki að koma á óvart í ljósi þess að það eru verkefnisstjórnir sem bera ábyrgð á úthlutun í hverju byggðarlagi að teknu tilliti til reglna þar að lútandi.

Næstu spurningar snúa að samráði verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra við íbúa og þátttöku þeirra.



Flestir eru á því að samráð verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra við íbúa hafi verið gott og svörin dreifast frá „hvorki né“, til þess að vera alveg sammála. Einhverjir telja sig ekki geta eða vilja svara.

Nokkur dæmi eru um að þeir sem þátt tóku í könnun séu mjög ósammála fullyrðingunni um mikla þátttöku og frumkvæði íbúa. Þó eru fleiri fremur- eða alveg sammála.

Að lokum var spurt um viðhorf til þess hvað tæki við eftir að þátttöku Byggðastofnunar lýkur. Ekki var spurt í þeim byggðarlögum sem nýlega höfðu hafið vegferð sína í verkefninu, þ.e. Öllum vötnum til Dýrafjarðar og Betri Borgarfirði. Spurt var hvort áfram ætti að vinna í anda verkefnisins, viðhalda markmiðum/verkefnisáætlun og fylgja henni eftir. Lokaspurningin var hversu miklu máli skipti að verkefninu yrði/væri fylgt eftir með skipulögðum hætti.

Athygli vekur að hér er nokkuð mikil dreifing á svörum. Nokkrir eru fremur ósammála, tiltölulega fáir hlutlausir en fleiri eru fremur sammála og flestir alveg sammála. Það virðast með öðrum orðum vera mjög skiptar skoðanir á þessu og mögulega helgast það af mismunandi reynslu í byggðarlögum. Einnig gæti mismunandi staða verkefnisstjórnarfulltrúa skipt máli, t.d. hvort fulltrúar sveitarfélags, landshlutasamtaka eða íbúa eru að svara.



Aftur dreifast svörin mjög mikið, allt frá því að telja rangt að skilgreina umsjónaraðila með verkefni áfram eftir að Byggðastofnun dregur sig í hlé og verkefni lýkur þannig formlega, til þess að vera alveg sammála þessari fullyrðingu. Það eru reyndar 70% í síðast talda hópnum og því yfirgnæfandi stuðningur við þetta sjónarmið.

Enn er talsverð dreifing á svörum þegar spurt er hvort líklegt megi telja að íbúar yrðu áhugasamir um áframhaldandi eftirfylgni með markmiðum í anda verkefnisins. Mikill meirihluti er þó fremur sammála eða mjög sammála.

Nánast full samstaða virðist vera um að fylgja þurfi verkefnum eftir með skipulögðum hætti og því eru þetta skýr skilaboð til viðkomandi sveitarfélaga og landshlutasamtaka.

Þátttakendum var boðið upp á að setja fram athugasemdir um verkefnið í opinni spurningu. Nokkur sjónarmið koma þar fram, allt frá því að þátttakendur telja verkefnið of veikt, að fjármunir séu ekki nægilega miklir, til þess að þátttakendur telji verkefnið hafa skilað miklum ávinningi fyrir samfélagið. Niðurstöður benda til að ákveðinn árangur hafi náðst í byggðalögunum með tilkomu verkefnisins Brothættar byggðir. Þátttakendur telja bæði nauðsynlegt að halda verkefnunum áfram og afar mikilvægt að byggt verði á þeirri reynslu sem áunnist hefur í verkefni hvers byggðalags.



## 10. VIÐAUKAR

### VIÐAUKI I. HRÍSEY PERLA EYJAFJARÐAR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

#### Aðlaðandi og aðgengilegt eyjasamfélag

1.	Gerð verði úttekt á því hvernig áætlun ferjunnar hentar íbúum og ferðafólki og hvað þurfi að bæta.	😊
2.	Athugaðir verði kostir og gallar þess að ferjan verði alveg gjaldfrjál.	😞
3.	Virkum samskiptum við Vegagerðina vegna framtíðar ferjusiglinga verði komið á.	😊
4.	Aðstöðuhúsi verði komið fyrir á bryggjunni á Árskógssandi.	😊
5.	Aðkoma Hríseyinga að vinnu við nýtt Aðalskipulag Akureyrarbæjar verði tryggð.	😊
6.	Unnið verði deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið í Hrísey. Vandað verði til skipulagsvinnunnar og hún unnin í miklu samstarfi við íbúa í eyinni.	😊
7.	Lagt verði mat á kosti og galla þessa að Hrísey sækir um að gerast aðildarbær Cittaslow hreyfingarinnar.	😊
8.	Skoða hvort skilgreina ætti hluta gatna í Hrísey sem vistgötur.	😊
9.	Tryggja að unnin verði áætlun um stöðvun framgangs ágengra plantna í Hrísey og hún uppfærð á hverju ári ef þarf.	😊
10.	Almenningsamgöngum Strætó niður á Árskógssand verði komið á.	😞
11.	Klára gerð áningar- og útsýnisstaðar efst á eyjunni.	😞
12.	Gerð verði þarfagreining fyrir lýsingu í Hrísey út frá þörfum íbúa, atvinnulífs og ferðamanna.	😊
13.	Sérstaða Hríseyjar verði betur nýtt til markaðssetningar. Nýtt kynningarefni og merkingar samræmdar.	😊
14.	Ferjan verði rafvædd eða keypt ný rafmagnsferja til þess að sigla til Hríseyjar. Lokið fyrir árið 2022.	😊
15.	Sveitarfélagið styðji betur við fjölskyldur þeirra barna og ungmenna sem sækja skóla, tólmstundir og afþreyingu til Akureyrar.	😞

### Fjölbreytt atvinnulíf

1.	Tryggja áframhaldandi aflamark (Byggðastofnunar) til næstu ára.	😊
2.	Finna leiðir til að auka fullvinnslu sjávarafurða í Hrísey og gera framkvæmdaáætlun.	😞
3.	Akureyrarbær sem atvinnuveitandi. Athuga áhuga þeirra starfsmanna bæjarins, sem það geta, að búa og vinna í Hrísey, jafnvel tímabundið.	😊
4.	Veitinga- og/eða kaffihús taki til starfa í Hrísey.	😊
5.	Taka saman yfirlit yfir möguleika á fleiri störfum í fjarvinnu, símsvörun, úthringingum eða gagnavinnslu með tilliti til bættra fjarskipta í Hrísey.	😊
6.	Teknar verði saman upplýsingar um laust íbúðar- og atvinnuhúsnæði í Hrísey og þær gerðar aðgengilegar.	😊
7.	Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eft. Að minnsta kosti tvö nýsköpunar- og/eða þróunarverkefni tengd atvinnulífi í Hrísey verði komin í gang fyrir árslok 2018.	😊
8.	Athuga hvort grundvöllur sé fyrir heilsutengdri ferðapjónustu í Hrísey.	😞
9.	Ferðapjónusta í Hrísey verði eflid og að minnsta kosti þrjú ný ferðapjónustutengd fyrirtæki hefji starfsemi í eygni á verkefnatímanum.	😊
10.	Farið verði í frekari vinnu við að útbúa og auglýsa aðstöðu í Hlein fyrir sjálfstætt starfandi eða fólk í fjarvinnu.	😊
11.	Unnið verði að því að vekja áhuga fjárfesta á því að koma á fót hóteli í Hrísey. Gerður verði upplýsingapakki fyrir áhugasama fjárfesta.	😊
12.	Stefnt verði að því að ferðamálafulltrúi fyrir Hrísey taki til starfa fyrir árslok 2019.	😊
13.	Sveitarfélagið felli niður eða gefi afslátt af gatnagerðargjöldum til þess að reyna að draga að nýja íbúa, fyrirtæki og fjárfesta.	😊
14.	Gert verði markvisst átak í því að gera meira úr sérstöðu Hríseyjar í markaðssetningu og unnið að fjölbreyttari afþreyingarkostum sem byggja á því sem nú þegar er til staðar.	😊
15.	Hrísey verði kynnt fyrir öðrum íbúum sveitarfélagsins sem og öðrum íbúum á Eyjafjarðarsvæðinu sem áhugaverður staður til þess að heimsækja, sumar sem vetur.	😊

### Sterkir innviðir

1.	Starf leik- og grunnskóla í Hrísey verði samþættir betur þannig að skólinn myndi eina heild.	😊
2.	Hríseyjarskóli taki þátt í samstarfi, bæði alþjóðlegu sem innlendu.	😊
3.	Tekin verði upp uppeldisstefna sem hentar skóla í litlu samfélagi.	😊
4.	Könnun gerð á þörf fyrir heimaþjónustu fyrir aldraða, þrif og aðra aðstoð.	😊
5.	Athuga þörf og fýsileika dvalar-/hjúkrunarheimilis í Hrísey.	😊
6.	Festa í sessi mánaðarlega heimsókn hjúkrunarfræðings til Hríseyjar.	😊
7.	Viðtalstímum bæjarfulltrúa í eygni verði fjölgað. Fastri reglu verði komið á.	😞
8.	Kynna hverfisráð betur sem millilið í stjórnsýslunni og efla þannig upplýsingaflæði milli Akureyrar og Hríseyjar.	😞
9.	Athugaðir verði kostir og gallar þess að gera leikskólann í Hrísey gjaldfrjálsan.	😊
10.	Sameina húsnæði slökkviliðs, sjúkrabíls og björgunarsveitar.	😊
11.	Koma á reglu á æfingum og fræðslu fyrir slökkviliðsmenn.	😊
12.	Athugað verði hvaða möguleikar eru fyrir hendi til þess að auka aðgang íbúa Hríseyjar að fjarþjónustu á sviði heilsugæslu og félagsþjónustu.	😊
13.	Gerð verði úttekt og forgangsroðun á því hvaða búnað vantar í Íþróttahúsið í Hrísey svo það nýtist sem fjölnota hús m.a. til alhliða íþróttaiðkunar, funda- og ráðstefnuhalds.	😊
14.	Gerð verði athugun á nýtingu og opnunartímum Íþróttahúss og sundlaugar með það fyrir augum að efla íþróttaiðkun.	😊
15.	Boðið verði upp á fræðslu- eða tólmstundanámskeið í Hrísey a.m.k. þrisvar á ári. Skoðaðir verði möguleikar á fjarnámskeiðum.	😊
16.	Kannaðir verði möguleikar á því að láta leggja ljósleiðara til Hríseyjar svo eyjan sé samkeppnishæf bæði þegar kemur að atvinnuuppbyggingu sem og fjölgun íbúa.	😊
17.	Ráðist verði í nauðsynlegar endurbætur á höfninni og hún rafvædd með breytta orkunotkun ferjunnar og bíla í huga. Hugað verði að öryggismálum, búinn til rampur og sett upp skýli fyrir þá sem bíða.	😞



## VIÐAUKI II. ÖXARFJÖRÐUR Í SÓKN, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Framandi áfangastaður	Í vinnslu	25%	50%	75%	100%
1.1 Að Dettifossvegur ásamt afleggjurum að áfangastöðum á leiðinni verði fulluppbýggður fyrir lok árs 2020.				x	
1.2 Að fyrir árslok 2020 séu hafnar framkvæmdir við uppbyggingu á fjögurra stjörnu hóteli.	x				
1.3 Að matvæli af svæðinu sé í boði á sem allra flestum veitingastöðum í Norðurþingi og nærliggjandi sveitarfélögum. Komið verði á virku samtali framleiðenda og rekstraraðila í veitingageiranum ásamt því að mælanlegum markmiðum á árangri í þeim efnum verði komið á fyrir árslok 2019.	x				
1.5 Skjálftasetur sé komið með tryggan rekstrargrunn og 10. m.kr til uppbyggingar safnsins fyrir árslok 2020. Að sóttur verði meiri stuðningur við reksturinn t.d. gegnum ráðstefnur vísindamanna, m.a. með tengingu við skjálftaráðstefnuna á Húsavík.			x		
1.6 Fyrir lok árs 2019 skili hópur íbúa uppfærðum áherslum til uppbyggingar ferðamannastaða tengdum fuglaskoðun innan svæðisins ásamt því að byggja upp fleiri fuglaskoðunarskýli. Markmiðið verði að gera svæðið út sem enn meira fuglaskoðunarsvæði en nú er gert. Unnið í samráði við Fuglastíg til þess m.a. að efla skipulag leiðsagnar í fuglaskoðun, kortlagningar fuglaskoðunarstaða og uppbyggingar þeirra. Tækifæri er til fuglaskoðunar á heimismælikvarða innan héraðsins árið um kring.					x
1.7 Komið verði upp tveimur eða fleiri áfangastöðum ferðamanna fyrir árslok 2019. Skoða m.t.t.: salernisaðstöðu, stefnumarkandi áfangastaðaáætlun Norðurhjara (sérstaklega Fjallahöfn og Veggjarendi) og áfangastaður á flekaskilum tengt Skjálftasetrinu og Alfred Wagener.	x				
1.8 Kortlagning á vatnsbólum-þar sem atvinnuuppbygging framtíðar byggð á vatnsauðlindinni verði skoðuð lokið 2020.	x				
1.9 Bóð í Öxarfjarðarhéraði, fyrir lok árs 2019 liggja fyrir heildstæð viðskiptaáætlun og stefna um áframhaldandi vinnu.					x
1.10 Móta stefnu og aðgerðaráætlun um nýtingu, viðhald og umhirðu á eignum Norðurþings í Lundi fyrir árslok 2019.			x		
1.11 Að komið verði upp á Kópaskeri sýningunni „Heimildarlaus notkun bönnuð“ í annað sinn sumarið 2019					x
1.12 Koma þarf þvottaplani í gagnið í Ásbyrgi fyrir árslok 2019. Skýringar: Í dag er ekki bílaþvottaplan virkt milli Húsavíkur og Kópaskers og er það mjög bagalegt fyrir þá fjölmörgu sem ferðast um Hólssand og veginn um þjóðgarðinn vestan Jökulsár (Dettifossveg).	x				

Framsækni í matvælaframleiðslu	Í vinnslu	25%	50%	75%	100%
2.3 Kanna hvort nýta megi verkefnið „Heimaslóð“ til að auka verðmætasköpun sauðfjárbænda í héraðinu.	x				
2.5 Þróaðar verði og markaðssettar tvær vörur úr hliðarafurðum sauðfjárlátrunar fyrir lok árs 2019.	x				
2.6 Styðja við Grólinn (langtímaverkefni í umsjón Landgræðslunnar) m.t.t. þess að tryggja hóflega beit á svæðinu annars vegar og hins vegar hagnýtingu upplýsinga í markaðslegu tilliti.	x				
2.8 Gera úttekt á því hverju nýir landbúnaðarsamningar breyta á þessu svæði og hvaða tækifæri kunna að felast í þeim. Sérstaklega kannað m.t.t. kolefnisjöfnunar. Fyrir lok sumars 2019.			x		
2.9 Leggja meiri áherslu á skógrækt og fá stjórnvöld í lið með heimamönnum. Fyrir lok 2019.	x				
2.10 Stuðla að og styðja við verkefni sem snúa að grænmetis-, ávaxta- og berjaræktun á Sandinum sérstaklega m.t.t. nýtingar jarðhita.	x				
2.11 Kolefnisjöfnun sauðfjáramleiðslu og úrvinnslu í héraðinu. Fara í stöðumat/greiningu þegar reiknireglur og forsendur liggja fyrir að loknum greiningum á vegum RML. Svæðið reyni að vera leiðandi á landsvísi í þessu átaki.	x				
2.12 Kanna hver staða Kelduhverfis sé sem „hreins sauðfjárræktarsvæðis“ með tilliti til fullrar þátttöku í kolefnisjöfnuninni fyrir mitt ár 2019.					x

Uppbyggilegt samfélag	Í vinnslu	25%	50%	75%	100%
3.1 Kynna hlutverk hverfisráða svæðisins og Framfarafélags Öxarfjarðar í samfélaginu fyrir mitt ár 2019. Mikilvægt að viðhalda hverfisráðunum og að þau séu virk, og að Framfarafélagið sé áfram kynnt sem „hýsill/bakland“ fyrir m.a. frumkvöðla og viðburði á svæðinu öllu.					x
3.2 Kynning á verkefninu Öxarfjörður í sókn í öllum ráðum og nefndum Norðurþings og meðal starfsmanna sveitarfélagsins fari reglulega fram og ekki sjaldnar en árlega.					x
3.3 Halda áfram að efla og byggja upp heimasíðu svæðisins og uppfæra reglulega fyrir lok árs 2019.	x				
3.4 Fylgja eftir að Norðurþing horfi til verktaka á svæðinu, m.t.t. heimaaðila. Sveitarfélagið rökstyðji það ef ákveðið er að skipta við þjónustuaðila utan Öxarfjarðarhéraðs.					x
3.5 Þrýsta á stjórnvöld að jafna kjör verslana á landsbyggðinni með lækkan VSK til verslana í dreifbýli. Skoða m.t.t. til markmiðs 3.6.	x				
3.6 Skilgreina sýn íbúa á lágmarks þjónustuþætti í héraðinu og gildi Kópaskers sem þjónustukjarna ásamt því að ræða um gildi verslunar í heimahéraði.	x				
3.7 Halda fyrirtækjadag á Sólstöðuhátíð á Kópaskeri aftur 2019					x
3.8 Hvetja og styðja við fyrirtæki til að ráða frekar starfsfólk sem er reiðubúið til búsetu á svæðinu.					x
3.9 Gera kunnáttukönnun á meðal nýbúa og könnun á þeirra þörfum. Fyrir lok árs 2019	x				
3.10 Sameining félaga til að efla félagastarfsemi fyrir árslok 2019.	x				

Öflugir innviðir	Í vinnslu	25%	50%	75%	100%
4.1 Auka samstarf og samlegð leikskólanna fyrir árslok 2019					x
4.2 Komið sé á háhraða netsamband skv. áætlun ríkisstjórnar fyrir lok árs 2019.					x
4.3 Fjölgja íbúðum á leigumarkaði fyrir lok árs 2019. Skýringar: mögulega þarf að stofna leigufélag. Tryggja leiguhúsnæði á markaði með því að byggja og reyna að koma íbúarhúsum í Kelduhverfi í leigu (ríkið skilyrði búsetu). Tengist húsnæðisáætlun Norðurbings og þátttöku sveitarfélagsins í tilraunaverkefni á vegum Íbúðalánasjóðs.	x				
4.4 Tryggja áframhaldandi starfsemi í óskertri heilbrigðisþjónustu ótímabundið.					x
4.5 Tryggja afhendingaröryggi raforku með því að skilgreina hringtengingu til austurs frá Kópaskeri til Vopnafjarðar sem hluta flutningskerfis raforku. Áætlun Landsnets liggja fyrir í lok verkefnistímans.	x				
4.7 Langtímaáætlun Norðurbings um viðhald hafnar á Kópaskeri m.t.t. dýpkunar og lýsingar hafnarinnar, viðgerðar á göngubrú o.fl. fyrir árslok 2019.					x
4.8 Markmið Norðurbings um starfsemi (lágmark) í útstöðvum skrifstofu á Kópaskeri (og Raufarhöfn) fyrir lok árs 2018.					
4.9 Unnið að því að bæta flokkunarmöguleika aukaferða (sorps) íbúa Öxarfjarðarhéraðs fyrir árslok 2019.					
4.10 Póstdreifing á Kópaskeri og í dreifbýli verði færð til fyrra horfs og verði daglega fyrir lok árs 2019 (a.m.k. kröfur um staðfestu).					
4.11 Úrbótaáætlun stjórnvalda/RÚV varðandi útsendingar útvarps og sjónvarps í héraðinu fyrir mitt ár 2019. Fylgjast með að úrbætur séu framkvæmdar skv. áætlun.					x
4.12 Sveitarafmagnslínur verði lagðar í jörð og fylgst með að áætlun Rarik haldi sér. Kanna sérstaklega m.t.t. þriggja fasa rafmagns Silfurstjarnan-Ásbyrgi.					x
4.13 Gerð verði áætlun um Hitaveitu í Kelduhverfi fyrir lok árs 2019.					
4.14 Tryggja afhendingaröryggi lyfja. Bætt samstarf Póstsins og Lyfju og/eða skoða aðrar flutningsleiðir.					
4.15 Tryggja aðgengi að ferskvatni í uppsveitum Kelduhverfis fyrir lok árs 2020.					
4.16 Kanna möguleika á lagningu annarra innviða með ljósleiðara(ferskvatn, hitaveita og þriggja fasa rafmagn) í Kelduhverfi fyrir mitt ár 2019.		x			
4.17 Tryggja viðhald malarvega t.d. á heimreiðum, þörf fyrir áætlun um viðhald malarvega í héraðinu. Fyrir árslok 2020.	x				
Ath. markmið 4.8, 4.9 og 4,10 á ábyrgð annarra					

### VIÐAUKI III. ÁFRAM ÁRNESHREPPUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Traustur landbúnaður og sjávarútvegur		25%	50%	75%	Lokið
1.1 Styðja við byrjendur í búskap		x			
1.2 Tillögur um styrkingu sauðfjárræktar		x			
1.3 Útvega útgerð veiðiheilmildir		x			
1.4 Greina umfang strandveiða			x		
1.5 Frumkvöðla- og nýsköpunarstarf verði eftt					
1.6 Möguleikar á hreindýraeldi	Frestað				
<b>Einstakt menningarlandslag og náttúra</b>					
2.1 Bæta innviði fyrir ferðaþjónustuna			x		
2.2 Merking handverks og iðnaðar	Óljóst				
2.3 Þróun minjagripa	Óljóst				
2.4 Ferðaþjónusta í Árneshreppi verði eflid			x		
2.5 Endurgera fuglaskoðunar- og útsýnisstað		x			
2.6 Gera fornar minjar sýnilegri		x			
2.7 Merkingar og aðstaða við höfnina				x	
2.8 Hitaveita úr Krossnesi í Norðurfjörð		x			
2.10 Umhverfi gámasvæðis			x		
<b>Öflugir innviðir</b>					
3.1 Fastur afsláttur af flugfargjöldum				x	
3.2 Samskipti við Vegagerðina		x			
3.3 Veiðileysuháls		x			
3.4 Breyta reglum um vetrarþjónustu		x			
3.5 Hefja umræðu um undirbúningur jarðganga		x			
3.6 Smávirkjanir	Óljóst				
3.7 Finnbogastaðaskóli			x		
3.8 Bætt lækniþjónusta		x			
3.9 Fjarþjónusta heilsugæslu og félagsþjónustu		x			
3.10 Ljósleiðaravæðing		x			
3.11 Verslun					x



Samheldið samfélag	25%	50%	75%	Lokið
4.1 Plastpokalaus Árneshreppur		X		
4.2 Hreinsunaráttak í fjörum			X	
4.2 Fræðslu- og tólmstundanámskeið	X			
4.3 Mat á húsnæðisþörf		X		
4.4 Ferðafólk í smalamennsku		X		

## VIÐAUKI IV. ÖLL VÖTN TIL DÝRAFJARÐAR, STAÐA STARFSMARKMIÐA

Framtíðarsýn og markmið ÖVD - staða áhersluverkefna sem tiltekin voru á íbúafundi 2019

Nr.	Markmið	Í		
		Hafið	Vinnslu	Lokið
<b>1</b>	<b>Fjölskylduvænt samfélag</b>	X	X	
1.1	Kynningarherferð og beinar aðgerðir til að laða fólk til Þingeyrar	X	X	
1.2	Koma á móttökukerfi fyrir fólk sem flytur til Þingeyrar	X		
1.3	Sníða þjónustu almenningssamgangna betur að þörfum íbúa Þingeyrar og nærsveita	X		
1.4	Efla og tengja saman félagslíf mismunandi aldurshópa	X		
1.5	Forgangsráða verkefnum sveitarfélagsins	X		
1.6	Búa til app fyrir Þingeyringa til að hafa samráð um að sækja og dreifa vöru og þjónustu			
1.7	Huga að framtíð flugvallarins á Þingeyri	X	X	
1.8	Úttekt á fjarskipa- og vegamálum	X	X	
1.9	Koma upp betri upplýsingaskiltum fyrir lokanir á heildum			
1.10	Vinna með Ísafjarðarbæ til að finna nýjar leiðir til að efla samgöngur á milli kjarnana	X	X	
1.11	Kanna hvernig best er að nýta möguleika Þingeyringa við opnun Dýrafjarðargangna	X	X	

<b>2</b>	<b>Skapandi samfélag</b>			
2.1	Meta, kortleggja og skipuleggja stöðu og framlag listarinnar til samfélagsins	X		
2.2	Skattavilanir fyrir ný fyrirtæki			
2.3	Minni kostnaður við lítil fyrirtæki s.s. Bókhaldskostnaður			
2.4	Greina nýverandi stöðu matvælaframleiðslu á svæðinu			
2.6	Skóða leyfismál varðandi sláturvinnslu - viðskiptaáætlun fyrir sláturhús og fjármögnun	X		
2.7	Kortleggja möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu og/eða útivistarsvæðisins fyrir Svalvogaveg			
2.8	Kanna vilja stjórnvalda til að koma til móts við sveitarfélög með sveigjanlegri og léttari reglum varðandi skammtíma búsetu			
2.9	Efla nýsköpun með góðu aðgengi að vinnuáðstöðu	X	X	
2.10	Stofna og virkja fjarbúafélag			
2.11	Setja upp leigumiðlun fyrir íbúðarhúsnæði sem ekki er í heilsársnotkun			
2.12	Hvetja íbúna og fyrirtækin á svæðinu til að auka þátttöku sína í uppbyggingu samfélagsins	X	X	
2.13	Vinna að því að byggðakvóti og sértækur byggðakvóti nýtist sem best á Þingeyri	X		

<b>3</b>	<b>Umhverfisvæn útivistarparadís</b>			
3.1	Greina möguleika fyrir vikingaferðaþjónustu			
3.2	Styrkja golffélagið	X	X	
3.3	Finna leiðir til öflunar fjármagns, gængert til að merkja betur göngu- og hjólaleiðir	X	X	
3.4	Kanna vilja ferðaþjónustuaðila og heimafólks um aðgangstýringu að náttúruperlum	X		
3.5	Halda ágenqum plöntum í skefjum og gæta að heilbrigði strandsjóvar	X	X	
3.6	Móta skýra langtímaáætlun í umhverfismálum með sjálfbærni að leiðarljósi	X		
3.7	Setja af stað áttaksverkefni sem miðar að því að hafa bæinn snyrtilegann	X		
3.8	Hvetja Ísafjarðarbæ til að hafa fráveitumál í lagi	X	X	
3.9	Koma upp afmörkuðu gáma- og geymslusvæði	X		
3.10	Ganga frá Námunni í Sneiðingnum			
3.11	Koma á fót kynningu og fræðslu um flokkun sorps fyrir íbúa og ferðamenn			
3.12	Stuðla að frekara viðhaldi gangstétta og gatna	X		
3.13	Stuðla að viðhaldi fasteigna bæjarins	X		
3.14	Hvetja fyrirtækin til að vera með virka umhverfisstefnu og ganga vel um sín svæði			
3.15	Upplýsa íbúa um fyrirtælanir og daglegan rekstur fiskeldis og aðra nýtingu sjávar	X		

<b>4</b>	<b>Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar</b>			
4.1	Ísafjarðarbær veiti gott rafrænt aðgengi að málum og erindum bæjarins	X		
4.2	Meta framboð og eftirspurn láða og atvinnuhúsnæðis á Þingeyri			
4.3	Gera mat á möguleikum Þingeyrar til að vera "Þing-staður"			
4.4	Kanna vilja og möguleika tæknifyrirtækis eins og t.d. Snerpu til að koma upp gagnahýsingu á Þingeyri			
4.5	Stuðla að stuðningi við staðbundinn fyrirtækjarekstur	X		
4.6	Hvetja Ísafjarðarbæ til að skoða það sem alvöru valkost að flugvöllurinn á Þingeyri verði opnaður aftur	X	X	

**VIÐAUKI V. BETRI BORGARFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA**

Árslök 2018		
1.1	Mótun samfélagssáttmála	Ekki hafið
1.2	Búðin - miðpunktur samfélagsumræðu	Lokið (stöðugt markmið)
1.3	Móttaka nýrra íbúa	Í vinnslu
1.6	Viðburðadagatal í Búðinni / BE.is	Lokið (styrkt af BB)
1.7	Afþreying og félagsstarf íbúa	Í vinnslu (stöðugt markmið)
3.1	Opnun matvöruverslunar	Lokið
3.6	Ljósleiðari BE/Njarðvík	Lagður 2019/allir bæir tengdir 2020
3.7	Viðvera læknis/hjúkrunarfræðings	Í vinnslu (íbúafundur)
3.11	Grunnskóli/jöfnunarsjóður	Lokið án árangurs
3.4	Breikkun vegar út í Höfn	Lokið

2018-2019		
1.4	Íslenskukennsla og efling nýbúa	Ekki hafið - hefst 2020
1.8	Stofnun fjarbúafélags	Lokið
1.9	UMFB íþróttaæfingar	Í vinnslu (aðrar leiðir farnar)
1.10	Þjónustukönnun	Ekki hafið
2.9	Miðlæg sölusíða ferðaþj.aðila	Fer ekki af stað
2.10	Borgarfjörður Escape	Fer ekki af stað
2.11	Bátsferðir	Lokið án árangurs (styrkt af BB)
2.14	Endurbætur á Kaupfélagshúsi	Í vinnslu (styrkt af BB) (einkaframkv.)
2.15	Innanhússkipulag þjónustuhúss í Höfn	Ekki hafið

Árslök 2019		
2.2	Aflamark Byggðastofnunar	Lítilllega hafið
2.4	Samfélagsmiðstöðin Fjarðarborg	Hafið og í vinnslu á árinu 2020
2.5	Fjarstörf / störf án staðsetningar	Lítilllega hafið
2.6	Endurbætur á Fjarðarborg	Hefst 2020
2.7	Efling ferðaþjónustu	Stöðugt markmið
2.8	Markaðssetningarátak ferðaþj.	Hafið (aðrar leiðir farnar)
2.12	Handverkshús/aðst. f. handverksfólk	Lokið án árangurs
2.13	Endurbætur á Bræðslu	Lítilllega hafið (einkaframkvæmd)
3.2	Rekstur Búðarinnar til framtíðar	Stöðugt markmið
3.3	Slitlag á Borgarfjarðarveg	Njarðvíkurskriður og Vatnsskarð 2019
3.7	Bætt heilbrigðisþjónusta	Lokið - sjá nánar í skýrslu
3.8	Fjarlækningar	Í vinnslu - sjá nánar í skýrslu
3.9	Aukin þjónusta við aldraða	Lokið (í tengslum við 3.7)
3.10	Uppbygging íbúðarhúsnæðis	Í vinnslu - sjá nánar í skýrslu

3.11	Leigumiðlun íbúðahúsnæðis	Ólokið
4.1	Sögu- og upplýsingaskilti	Í vinnslu (styrkt af BB)
4.2	Umhverfisverkefni	Stöðugt markmið (t.d. úrbótanganga)
4.3	Aukin sjálfbærni	Ekki hafið
4.5	Endurskoðun aðalskipulags	Ekki hafið
4.8	Lagfæring gatna, stétta, götulýsingar	Ekki hafið

**VIÐAUKI VI. BETRI BAKKAFJÖRÐUR, STAÐA STARFSMARKMIÐA**

Starfsmarkmið sem hafin eru árið 2019	25%	50%	75%	Lokið
1.3 Koma á fót kaffihúsi, veitingastað og pöntunarþjónustu		x		
1.6 Lokið verði við lagningu ljósleiðara í byggðina við Bakkaflóa á árinu 2019, þar með talið þorpið, með tengingu við ljósleiðaranet á Þórshöfn um Brekknaheiði.				x
2.1 Kominn verði viðbótar sértækur byggðakvóti				x
2.4 Ferðaþjónusta tengd skólahúsnæðinu				x





**BYGGÐASTOFNUN**

ISBN 978-9935-518-00-2